

HÓFADYNUR Í DÖLUM



Hestamannafélagið GLAÐUR Dalasýslu
60 ára
1928 – 1988



HÓFADYNUR Í DÖLUM

EINAR KRISTJÁNSSON TÓK SAMAN



Hestamannafélagið GLAÐUR Dalasýslu
60 ára
1928 – 1988

FORMÁLI

Á aðalfundi Glaðs 1987 var samþykkt tillaga þess efnis að rita skyldi og gefa út sögu félagsins á 60 ára afmæli þess. Það er enda vel við hæfi á tímamótum sem þessum að minnast þess með slíkum hætti. Til þessa verks var ráðinn Einar Kristjáns-son fv. skólastjóri og er það, sem hér birtist afrakstur mikillar vinnu af hans hálfu því að á 60 árum er farið að fyrnast yfir margt sem lýtur að sögunni og fella þarf saman mörg minningarbrot til þess að úr verði heilstætt verk. Á Einar miklar þakkar skildar. Það er von míni að það sem hér birtist verði talið þess virði að það sé varðveitt en falli ekki í gleymskunnar dá.

60 ár er langur tími í sögu hvers félags og er öllum hollt að fá örliðla innsýn í þær aðstæður, sem frumkvöðlar félagsins bjuggu við. Á þeim árum sem liðin eru frá því Glaður var stofnaður, hefur þjóðin gengið í gegnum gífurlegar breytingar og hlutverk hestins hefur gjörబreyst. Áður var hesturinn manninum nauðsynlegur vegna vinnu og samgangna en er nú aðallega hafður til skemmtunar og lífsfyllingar þeim er tekið hafa hestabakteríuna.

Í þessari samantekt er reynt að varpa ljósi á það hvers vegna menn stofnuðu hestamannafélag og má því segja, að hér sé einnig rituð saga hestamennsku í Döllum á þessari öld. Hestamannafélagið Glaður er annað elsta hestamannafélagið á landinu og hefur allt frá fyrstu tíð verið virkt í hestamennskunni og í félagsmálum hestamanna. Það er von míni að þeir sem áhrif hafa á sögu félagsins á komandi árum haldi áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið og vinni stöðugt að þeim markmiðum, sem félagið setti sér í upphafi.

Ritað í september 1988

Kristján Gíslason formaður.

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	3
I.	
Af sögunnar spjöldum	5
<i>Inngangur</i>	5
Land og leiðir	8
II.	
Hófadynur í Dölum	14
.. <i>Allra hesta bestur.</i>	14
Hestur franska prinsins	14
Folaldahópur Ásmundar prests	14
.. <i>Hnakkberinn minn, sem að unni ég mest.</i>	17
Álfatraða-Bleikur	19
Harrastaða-Skjóni	19
Hestar og hestamenn í Suðurdölum	22
Setið hjá Sauðafellsbræðrum og Óskari Bjartmarz	26
Ættmóðirin í Kirkjuskógi	33
Litföróttu hrossin á Þorbergsstöðum	36
Kappreiðar á fyrri árum	38
III.	
Stofnun Glaðs	40
<i>Hestabingin</i>	43
Stjórн og starfshættir	52
Jarðakaup og aðrar framkvæmdir Glaðs	58
Tamningastöðvar	61
IV.	
Ungir og aldnir segja frá	66
<i>Par hefur hestamennskan legið í blóðinu</i>	66
„Hýrgaður ég hesti renndi . . .“	70
Unglingastarfið	74
Viðtal við Friðriku A. Sigvaldadóttur	76
Viðtal við Íris Hrund Grettisdóttur	78
Skrá um verðlaunagripi	81

I. AF SÖGUNNAR SPJÖLDUM

INNGANGUR

Saga hestsins er samofin lífi þjóðarinnar gegnum allar aldir. Í flestum Íslendingasögum koma hross við atburði. Líf fólksins í gleði og sorg var að hálfu á hestbaki. Íslenska þjóðveldið með Pingvelli að þingstað stóð á fótum hestsins.

Oft var í túni
teiti meiri,
þás minn Sigurðr
söðlaði Grana

Svo var Guðrún Gjúkadóttir látin segja forðum. Sagan af Sigurði Fáfnisbana og Grana hesti hans er ein rismesta harmsaga í Eddukvæðum en hesturinn Grani frægastur allra norrænna hesta að fornu og nýju. Þannig kom til landsins með hinum fyrstu hestum hlutdeild þeirra í ódauðlegum arfi norrænna manna.

Samband manns og hests, eins og það birtist höfundi Sigurðarkviðu Fáfnisbana er elsta heimild um þau efni. Enginn veit nafn höfundar né listaverksins, en þótt það sé ofið ævintýraklæðum er kjarni þess jafn ferskur og sannur enn í dag.

Og enn kvað Guðrún Gjúkadóttir:

Gekk ek grátandi
við Grana ræða,
úrughlýra
jó frák spjalla.
Hnipnaði Grani,
drap í gras höfði
jór þat vissi
eigendur né lifðut.

Segja má að aftan úr grárri forneskju berist okkur þarna vitneskjan um það nána, tilfinningalega samband, er frá örðu alda hefur verið milli manns og hests. Stendur svo enn í dag. – Oft er í vísum og ljóðum slegið á strengi gleðimála í fylgd göfugra hrossa. En við eיגum líka gamalt viðlag, sem sungið var á hestbakí á öld Sturlunga.

Pórður Andrésson kvað forðum:

„Mínar eru sorgirnar þungar sem blý“

og þá reið hann syngjandi á hesti sínum á vit dauðans.

Á öllum öldum hafa hestarnir verið hluti af lífi og lit náttúrunnar í landinu, rétt eins og blómjurtir og birki, eða fugl í lofti. En á hinnum veginn hafa þeir verið ofurseldir hungri og harðrétti, rétt eins og fólkið. Margur veturninn, eða vetrarkaflinn myndaði orðið *hestabani*. Í rúmar ellefu aldir hefur hesturinn deilt kjörum með fólkini í landinu, verið „þarfasti þjónn“ þess og gleðigjafi. Án hans er erfitt að hugsa sér búsetu í landinu á liðnum öldum.

— — —

Víða í fornsögum er getið hrossa. Fyrstu aldir byggðar hafa verið hér tiltölulega fá hross. Meginhluti stofnsins hefur vafalaust flust hingað með landnámsfólk frá Noregi en þó sjálfsagt eitthvað frá Skotlandi og Írlandi. Gera má ráð fyrir fáum hrossum með fyrstu skipum en vafalaust völdum kostagripum.

Íslenski hrossastofninn hlaut að einangrast. Engin viteskja liggur fyrir um blöndun stofnsins erlendis frá eftir landnám. Hann hefur aðlagast landinu, kostum þess og göllum. Fáar heimildir liggja fyrir um kynbætur hrossa á fyrri oldum, utan þess náttúruúrvals, sem hlýtur að hafa orðið kynslóð eftir kynslóð, að það harðgerðasta lifði en hinn hlutinn féll. Að hinu leyti má hugsa sér, eftir því sem sögur greina frá, að frásagnir um stóðhrossagjafir og vígahesta bendi til kynbóta.

Í Laxdælu (Fornritafélagsútg. 1934) segir ágæta vel frá gjöf stóðhrossa. Bolli Þorleiksson vildi gefa Kjartani Ólafssyni valin stóðhross þegar þeir Hjarðhyltingar sátu haustboð Ósvifurs að Laugum.

„Bolli átti stóðhross þau, er best voru kölluð, hesturinn var mikill ok vænn ok hafði aldregi brugðisk at vígi, hann var hvítr að lit og rauð eyrun ok topprinn. Þar fylgdu þrjú merhryssi með sama lit sem hestrinn. Pessi hross vildi Bolli gefa Kjartani en Kjartan kvask engi vera hrossamaðr ok vildi eigi þiggja.“

Snemma á 12. öld gaf Porgils Oddason á Staðarholí í Saurbæ Haflíða Mássyni á Breiðabólstað stóðhross til sáttatrausta. – Hestavíg voru algengt skemmtiatriði á heraðssamkomum fyrri tíma og stundum var sérstaklega til þeirra stofnað. Vígahesta varð að ala vel til að þeir yrðu orkumiklir. Þeir þurftu að hafa mýkt og lipurð en vera þó harðgerðir og skapmiklir. Stóðhross þóttu hinar bestu vingjafir meðal höfðingja. Stóðhestarnir voru látnir ganga á einangruðum afréttardölum, oft með 2 – 4 hryssum. Oft voru hrossin í sama lit og búin svipuðum eiginleikum, þeim, er mestu þótti varða á þeirri tíð.

Fjöldi hrossa um 1703 var tæp 27 þúsund. Í byrjun Móðuharðindanna 1783 var talan komin upp í 36 þúsund, en hrapaði niður fyrir 9 þúsund 1784, enda segir frá því að sums staðar varð ekki komið líkum til greftrunar sökum hrossafæðar.

Um almenna notkun hrossa þarf ekki að fjölyrða hér.

Hesturinn bar fólk og flutning um landið þvert og endilangt, hann dró sleða á ísum, vögar og viðardrögur um fjöll og heiðar og að síðustu bar hann hvern og einn til þeirra hinsta hvílustaðar.

Fáir hafa flutt hlýlegri og sannari kveðju til íslenska púlshestsins en Kristján Samsonarson frá Bugðustöðum þegar hann sagði:

Af þér gagnið greiðist flest,
gang þótt bragnar lái,
þú hefur vagni vanist mest
vinur sagnafái.

Margir geta líka tekið undir með Guðmundi Inga Kristjánssyni á Kirkjubóli og sagt:

Forlög þjóðar, fáks og manns,
fótspor saman undu, –
Íslending og hestinn hans
heillastrengjum bundu.

En þrátt fyrir allt hið sýnilega framlag hestsins í lífsafkomu fólksins í þessu landi, þá skyldi aldrei gleymt vináttu hests og manns – hinu tilfinningalega sambandi. Ótaldar eru þær stundir unaðar og gleði, sem í slíku samfélagi hafa lyft lífi margra í æðra veldi, hátt yfir hverdagslegt strit í harðbýlu landi. Sá þátturinn er ráðandi nú til dags í allri hestamennsku og hann þarf að rækta, ekki síður en gangsnilli og leikjaþrautir. Samskipti við hesta er hollt veganesti ungu fólk, uppeldispáttur, sem ekki verður sóttur inn fyrir skóla-veggi.

LAND OG LEIÐIR

Stundum hefur verið haft á orði að Dalasýsla hafi verið með einangruðustu héruðum landsins. Má vera að svo hafi verið á köflum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að fleiri leiðir lágu



Sigurdör Jónsson í Lækjarskógi situr á rauðbleikri hryssu, sem var formóðir skeiðhestsins *Vals*, sem tók 1. verðlaun á skeiði á Þingvöllum 1930. Valur var frá Saurum í Laxárdal. Ljósm. Jón Guðmundsson, Ljárskógin.

áður inn og út úr sýslunni, en nú er. Það var meðan hesturinn var eina samgöngutækið á landi. Verða nú nefndar helstu leiðir er áður voru farnar á hestum.

Landleiðin til Stykkishólms ef komið var úr Laxárdal, eða þar fyrir vestan, lá um Lækjarskógsfjörur, Vestliðaeyri og út Skógarströnd, ef farin var norðurleiðin út Snæfellsnes. Óvíða í Dolum var hægt að taka lengri skeiðspretti en eftir Vestliðaeyri. – Í ferðabók Ebenezar Henderson frá því um 1814 – 1815, segir á þessa leið þegar lýst er leiðinni inn í Dalí:

„. . . Eftir að við komum niður að Hvammsfirði, batnaði vegurinn stórlega, en hann hafði verið mjög grýttur. Pó varð hann enn þá betri eftir að við vorum komnir framhjá steini þeim, er sýnir mörkin milli Dalasýslu og Snæfellnessýslu. Skammt upp frá sjónum sýndi fylgdarmaður minn mér hvar verið höfðu Írabúðir, en þar höfðu áður fyrr haft aðsetur kaupmenn þeir, er komu frá Norður-Írlandi.“ Hér á Henderson við Vestliðaeyri.

Ef farið var til skreiðarkaupa út undir Jökul, var jafnaðarlega farinn svonefndur Fossavegur upprá bænum Dunki í Hörðudal og þá komið niður í Hnappadal og síðan lá leiðin út Nesið sunnanvert. Einnig fóru sumir utar yfir fjallgarðinn í slíkum ferðum – yfir svonefnda Rauðamelsheiði og er þá komið niður í utanverðan Hnappadal.

Stundum var farið yfir svonefndan Svínbjúg. Er þá farið fram Selárdal, meðfram ánni Skraumu. Inn úr Selárdal liggur leiðin eftir Burstdal og upp úr honum og yfir Bjúginn. Er hann grýttur hæðarhryggur og deilir vötnum milli Dala og Mýra. Af hrygg þessum er komið niður að Hítarvatni og Hítardal.

Nokkru austar liggur alkunn leið um Sópandaskarð. Var sú leið fjölfarin fram yfir Sturlungaöld og engu síður en Brattabrekka. Leið þessi liggur um Hörðudal og inn Laugardal til suðvesturs. Hár fjallhryggur er milli dalanna, Laugardals að norðan en Langavatnsdals að sunnan og ber nafnið Sópandaskarð. Pegar komið er niður í Langavatnsdal liggur leiðin áfram niður í Borgarhrepp á Mýrum.



Arni Jónsson, bóndi á Laugum í Hvammssveit, f. 1834, d. 1909. Hann var laginn tamningamaður og tamdi þennan gráa hest, sem Þuríður Bæringsdóttir frá Laugum átti. Ljósmyndari óþekktur, en myndin er frá aldamótum.

Þekktasta leiðin milli Borgarfjarðarbyggða og Dala var að sjálfsögðu um Bröttubrekku eins og víða er getið í sögum og við þekkjum í dag. En áður fyrr lá reiðvegurinn allmiklu austar en nú er. Hin eiginlega Brattabrekka er fjallhryggur milli dalanna Suðurárdals að vestan en efsta hluta Bjarnadals að austan.

Það er sú eiginlega Brattabrekka, sem vegurinn nú dregur nafn sitt af.

Milli Reykjadalss í Miðdöllum og Sanddals inn af Norðurárdal hefur oft verið farið á hestum, enda stutt milli dala-draga. Var löngum farin þessi leið með fjárrekstra að hausti og þess utan hefur hún verið farin fram á þennan dag.

Milli Dala og Hrútafjarðar lá fjölfarinn vegur um Haukadalsskarð. Enginn vafi liggur á um það, að þá leið hafa Norðlendingar farið, ef þeir ætluðu út á Snæfellsnes eða í Suðurdali. Getið er ferða skólapilta og vermannar, er stundum fóru fremur Haukadalsskarð en Holtavörðuheiði, enda hvergi styttri leið milli bæja en þar. Farandfólk valdi pessa leið ef það sótti út á Snæfellsnes. Lifa enn þá sögur og frásagnir af ferðahópum þessum.

Laxárdalsheiði milli Hrútafjarðar og Laxárdals hefur verið fjölfarin frá upphafi byggðar. Segir í Laxdælu frá flutningum Porkels Eyjólfssonar er hann hugðist byggja Helgafellskirkju. Viðurinn hafði verið settur á land norður í Hrútafirði sumarið áður en Porkell hugðist hefja kirkju-smíðina á Helgafelli. Segir í sögunni að hann hafi starfað að flutningum frá því eftir jól og allt fram á langafostu. Hafði verið safnað hestum í nágrenni við Ljárskóga og viður síðan fluttur á 20 hestum að norðan og suður á Ljáeyri fyrir landi Ljárskóga. Beið þar ferja mikil er átti Þorsteinn bóndi í Ljárskógum, frændi Porkels. Það var svo á leiðinni út til Helgafells að Porkell drukknaði og þeir 10 saman á ferjunni, en sagt er að þessi atburður hafi orðið árið 1026.

Sölvamannagötur lágu upp úr Hrútafirði og þvert yfir fjall allt til Svínadals. Mjög er nú á huldu hvar þær hafa legið á fjallinu, enda skerast þarna ýmsar gamlar götur, svo sem á Hólmatvatnsheiði, sem var farin upp úr Bakkadal og á niðurbæi í Laxárdal, Hálsagötur, milli Hvammssveitar og frambæja í Laxárdal og loks leiðin yfir Gaflfellsheiði, upp úr Bitru til Hvammssveitar og Laxárdals. Áður en mæðiveiki fór að herja á sauðfé og varnargirðingar slitu ýmsar fornar reiðleiðir, fóru réttarmenn, t.d. úr Hvammssveit alltaf um Gaflfellsheiði til Snartatunguréttar í Bitru. Frásagnir eru líka um ferðir manna með viðardrögur yfir heiðina á fyrrí tíð.

Upp úr Gilsfirði lágu þrjár kunnar leiðir norður um. Var það annars vegar Snartatunguheiði yfir í Bitru og Krossárdalur, er einnig liggur í utanverða Bitru. Eru þarna enn í dag glöggar reiðgötur, sem að sunnanverðu liggja upp frá túninu

á Kleifum. Hins vegar var þriðja leiðin úr Gilsfirði yfir Steinadalsheiði og norður í Kollafjörð. Er sú leið bílfær yfir hásumarið, enda kunn sérleyfisferð um skeið.

Meðan verslun stóð í Skarðsstöð (1883 – 1911) var farin fjallleiðin úr ofanverðri Hvammssveit, upp úr Sælingsdal eða Skeggjadal og komið niður í Búðardal eða Hvarfsdal á Skarðsströnd.

Á söguöld var ekki síður farin Sælingsdalsheiði en Svíndalur milli Saurbæjar og Hvammssveitar. Það votta m.a. nokkrar frásagnir í Sturlungu o.v.

II.

HÓFADYNUR Í DÖLUM

Ýmsar heimildir, prentaðar og munnlegar greina frá hestamönnum og gæðingum þeirra löngu fyrir stofnun Glaðs.

Fyrir löngu síðan var farið að sækjast eftir hrossum af Dalaættum, sérstaklega úr Suðurdöllum, enda löngum verið talið að þar hafi verið hestakyn gott. – Kostaríkir hagar láglendisins þar, ásamt löngum og góðum skeiðvöllum meðfram ám og við ströndina (t.d. Vestliðaeyri og víðar) hafa alið upp gæðinga, kynslóð eftir kynslóð. Náttúrlegar aðstæður voru þar góðar og eru enn í dag. – Stöðug notkun í löngum ferðum efldi þrek hesta meira og betur en verið hefur hin síðari ár. Í höndum bestu hestamannanna, þar sem saman fór hæfileg áreynsla, ásamt góðri hjúkrun, sköpuðust einstakir gæðingar áður fyrr.

„ALLRA HESTA BESTUR“

Daði Guðmundsson (d. 1563) bóndi og sýslumaður í Snóksdal var einn af kunnstu Íslendingum 16. aldar. Öllum eru kunn skipti hans við þá Hólafeðga og þá einkum handtaka þeirra á Sauðafelli haustið 1550.

Samtímaheimildir telja að Daði í Snóksdal hafi átt afburðahest, brúnan að lit. Var hann stundum nefndur MarkúsarBrúnn, án skýringa þó. Pessi brúni hestur er í sögum nefndur

með ýmsum hætti, s.s „gæðingur orðlagður“, „lífhestur Daða“ eða „allra hesta bestur“. Allar þessar nafngiftir eru raunar með eindæmum, verður þó ekki talið að heimildir séu af lakara taginu, þ.e. Biskupasögur, Sýslumannaævir og víðar er að finna eitthvað um þennan hest. Fullvist má telja að ekki hafi farið meira orð af neinum hesti í Breiðafjarðardöllum að fornu og nýju. Tvær frásagnir segja einkum frá afrekum þessa hests. Í fyrri frásögninni segir frá því þegar fylgjendur þeirra Hólafeðga hugðust fanga Daða, er hann einn síns liðs kom utan frá Rifi og ætlaði eins og leið lá heim í Snóksdal. Norðannmenn höfðu búist um við svokallað „Fyrirsát“ en svo heitir enn klettaklif á gamla Skógarstrandarveginum innanverðum. Þar höfðu þeir strengt kaðla eða reipi yfir reiðgötuna, sem lá í þrengslum milli kletta. Er skemmt af að segja, að sá brúni sleit kaðlana á ofsaferð en Daði hafði með korða sínum skorið efsta strenginn. Munu fyrirsátsmenn hafa talið Daða sér vísan, þar sem hann hafði riðið einhesta utan frá Rifi en þeir með hvílda hesta. Segir sagan að þeir hafi reynt eftirför en ekki haft erindi sem erfiði. Daði komst heim í Snóksdal og hóf að safna liði og gera virki um bæinn.

Seinni hluti sögunnar um Brún er á þá leið, að þá er skammt var liðið frá heimkomu Daða frá Rifi sendi hann ungan svein sinn, er Jón hét og nefndur Refur, til að njósna um Hólafeðga, en þeir sátu á Staðastað og höfðu uppi fyrir-ætlun um að taka Daða í heimleiðinni. Fékk Daði sveini sínum þann brúna, því nú þurfti mikils við. Tókst Jóni ferðin sem best mátti verða, að öðru leyti en því, að litlu mátti muna, þegar Jón á flóttanum frá Staðastað reið ós Staðarár á bullandi sund og lét Brún rífa sig upp af sundinu upp á snarbrattan bakka. Skildi þar með honum og norðannmönnum, þar sem þeim leist ekki áin árennileg en Jón á mikilli ferð stefndi til kunnugrар leiðar vestur yfir fjöllin. – Hafði þá „lífhestur Daða“ með stuttu millibili borgið lífi hans og átt sinn hlut í miklum þáttaskilum íslenskrar sögu. (Tímaritið Satt, 18. árg. 1970, Sig. Ólason).

HESTUR FRANSKA PRINSINS

Sumarið 1858 kom hingað til lands Napóleon Frakkaprins á franska gufuskipinu Reine Hortenze. Tekið var með viðhöfn á móti prinsinum og farið með hann m.a. austur til Geysis. Þurfti á annað hundrað hesta í þá ferð. Fyrir prinsinn var þá valinn besti hesturinn á Suðurlandi, svonefndur Lambastaða-Stjarni. Stjarni var reiðhestur húsfreyjunnar á Lambastöðum í Garði, Sigríðar Þorvaldsdóttur, konu Ásgeirs Finnbogasonar frá Lundum í Borgarfirði. Þegar Kristín dóttir þeirra fluttist með manni sínum Lárusi Blöndal sýslumannи vestur í Dali árið 1867, varð Stjarni reiðhestur hennar þau 10 ár, er þau dvöldu á Staðarfelli og í Innri-Fagradal. – Bein Stjarna eru því geymd í Dalamold. Engin lýsing er til, er lýsi kostum þessa hests en gera má ráð fyrir að þeir hafi verið miklir og fjölbreyttir, enda mun hinn tigni gestur hafa boðið fyrir hann offjár, en hesturinn var ekki falur með neinum hætti.

Eyjólfur bóndi í Sveinatungu í Norðurárdal kvað svo um Stjarna:

Fróns um traðir tygjaðan
tíðan vaða lætur,
listahraðan, léttfættan,
Lambastaðahúsfreyjan.

FOLALDAHÓPUR ÁSMUNDAR PRESTS

Árið 1815 vígðist nýr aðstoðarprestur til Saurbæjarþinga í Döllum. Hann hét Ásmundur Gunnlaugsson (f. 1789, d. 1860), skagfirskrar ættar. Hann sat á Staðarholi í 4 ár, en þá lét sr. Eggert Jónsson á Ballará bera hann út. Höfðu málafærli gengið milli þeirra um hríð.

Í Isl. æviskrám (P.E.O.) er sr. Ásmundi lýst á þessa leið: „„Pótti áleitinn og brögðóttur, hins vegar var hann talinn fjölgáfaður til munns og handa, skrifari góður, hestamaður, vel hagmæltur og orðheppinn.““

Munnmæli segja frá viðskiptum sr. Ásmundar við sveitunga sína í Saurbænum og sr. Eggert á Ballará, t.d. eitt sinn hafði hann sundriðið langleiðina yfir Gilsfjörð, en taldi sig þá hafa verið hætt kominn. Það þykir fullvist að hann hafi verið mikill hestamaður og átt afburðahesta.

Telja verður með eindæmum það tiltæki sr. Ásmundar þegar hann flutti úr Döldum, að mælt er að hann hafi farið með 15, en sumir segja 18 folöld. Hefur trúlega ekki í annan tíma farið í einu meira úrvall hrossaefna úr sýslunni, því gera má ráð fyrir að vel hafi verið valinn ættstofninn að fololdum þessum. – Ekkert er nú vitað hvert fololdin fóru að lokum, eru þó taldar mestar líkur á því að þau hafi flest lent í Skagafirði og víðar norðanlands, enda dvaldi sr. Ásmundur þar allan seinnihluta ævinnar.

„HNAKKBERINN MINN, SEM AÐ UNNI ÉG MEST.“

Jón Ásg. Pingeyrum

Hjálmtýr Magnússon (f. 1830, d. 1884) bóndi á Svínholi í Miðdöldum seldi á sínum tíma einn allra mesta gæðing, sem seldur hefur verið úr Döldum. Það varð fyrsti gæðingurinn, sem hestamaðurinn landskunni, Jón Ásgeirsson á Pingeyrum eignaðist. Það skeði árið 1853. Þá átti Jón heima á Kollafjarðarnesi hjá foreldrum sínum. Veturinn áður hafði Jón verið á Kvennabrekku. Sr. Guðmundur Einarsson, er þá sat Kvennabrekku, hafði Jón í skóla og til fermingarundirbúnings. Hjálmtýr bóndi á Svínholi kom oft að Kvennabrekku þennan vetur og jafnan vel ríðandi, enda kunnur hestamaður á sinni tíð. Oft kom hann ríðandi á brúnum, 6 vетra gömlum fola.

Sonur Jóns á Pingeyrum, Ásgeir í Gottorp segir svo frá: „Föður mínum var starsýnt á folann, sem var fríður sýnum, grannvaxinn og hlaupalegur og ekki vakti það síður athygli hans hversu léttilega og af miklu fjöri og fimleik þessi grannvaxni hestur bar svo þungan mann.“

Jón Ásgeirsson varð yfir sig hrifinn af þessum hesti og átti þá ósk heitasta að eignast hann. Guðlaug móðir hans varð þess áskynja hvern hug sonur hennar bar til þessa gæðings-efnis og bjargaði málum. Bréf frá henni barst suður að Svínhóli fyrir vorið. Segir svo frá að á lestum hafi svo Hjálmtýr komið norður með folann og gengu svo kaupin fram með hjálp Guðlaugar. – Jón gat ekki beðið föður sinn um penninga fyrir hesti, en til kaupa á nýjum bát hefði stórbondinn Ásgeir Einarsson lánað syni sínum fjármuni af fúsum vilja.

Pegar Jón hafði átt Blakk – en svo hét hesturinn, í 4 ár, bar svo til að Ásgeir faðir hans þurfti að fara vestur í Stykkishólm. Falaði hann Blakk til ferðarinnar, en þótt Jóni væri slíkt þvert um geð varð það úr að hann fékk hestinn lánaðan. Ekkert segir frá ferð Kollafjarðarnessbóna annað en það, að heim kom hann eftir ótrúlegan stuttan tíma – og, á Blakk einum. Önnur hross, sem voru með í för höfðu hellst úr lestinni. Pessi ferð hafði gengið svo nærrí Blakk að Jón sá sér þann kost vænstan að fella hann eftir nokkra daga. – Pannig lauk fegursta og fyrsta ævintýri Jón Ásgeirssonar í ríki hestsins.

Um afdrif Blakks farast Ásgeiri í Gottorp orð á þessa leið:

„Faðir minn syrgði Blakk mjög og á seinni árum hans var það svo, að hann vildi sem minnst um hann tala og hörmuleg afdrif hans. Það var á mjög löngum tíma, sem mér tókst að fiska upp hjá föður mínum það, sem hér að framan er skráð. *Frá Blakk hlaut faðir minn þau fyrstu áhrif og kenndir, sem að nokkru glæddu og þróuðu reiðmannshæfileika hans og hann varð síðar landskunnur fyrir.* Leturbr. E.K. (Ásgeir Jónsson, Gottorp. Horfnir góðhestar).

Sjaldan eða aldrei hefur gæðingsefni úr Döllum farið í meiri snillingshendur en Blakkur frá Svínholi. En hinu má þó ekki gleyma að undirstöðurnar í tamningu Blakks lagði bondinn á Svínholi – Hjálmtýr Magnússon.

ÁLFATRAÐA-BLEIKUR

Taumar leika mér í mund
minn þegar Bleikur rennur.
þetta veika léttir lund
lifs meðan kveikur brennur.

Pessa vísu kvað sr. Jakob Guðmundsson, er var prestur á Kvennabrekku og Sauðafelli árin 1869 – 1890. Vísan varð landskunn og eignuð ýmsum. Sr. Jakob gerði hana um bleikan gæðing, sem hann fékk frá Gunnlaugi Guðmundssyni (f. 1838, d. 1918) bónda í Álfatröðum.

Sr. Jakob á Sauðafelli var hestamaður, hagyðingur góður og stundaði lækningar eins og fleiri prestar á þeirri tíð. Hann fékkst nokkuð við uppfræðslu barna og unglings og hafði mikil menningarleg áhrif í heraði, gaf t.d. út blaðið „Bónða“ um skeið. Þar ritar hann í 5. blað, 19. apríl 1851 merkilega grein, er ber yfirskriftina „*Fáeinrar athugasemdir um stóðhrossaval, uppeldi og meðferð á hrossum.*“ Grein þessi mun trúlega vera með því elsta, semritað hefur verið um þessi efni, því í ritinu „*Lítill varningsbók*“ frá 1861 þá vitnar höfundurinn, sem var Jón Sigurðsson aðeins í tvær heimildir þar sem hann skrifar um hross, meðferð þeirra og nytsemi. Er önnur heimild Jóns blaðið Bóndinn en hin er grein eftir Ólaf Stephensen í riti Lærðómslistafélagsins frá 1788.

HARRASTAÐA-SKJÓNI

Á Harrastöðum í Miðdolum bjó fyrir og eftir síðustu alda-mót bóndinn Hildipór Hjálmtýsson, sonur Hjálmtýs á Svínholi, er getur um í kaflanum að framan. Segja má að ekki hafi eplið fallið ýkjalangt frá eikinni þar, því Hildipór var víða kenndur fyrir hestamennsku. Bar þó einn hestur hans af öllum, einkum fyrir afburða vitsmuni.

Jón Sumarliðason hefur í óprentuðum æviminningum lýst Hildipóri á Harrastöðum og einum hesti hans, Harrastaða-Skjóna.

„Í vitund minni vaka enn margar ljúfar minningar frá þessum löngu liðnu tímum, tengdar hestunum, sem ég kynntist og eigendum þeirra.

Skjóni, rauðskjóttur vekringur með ljúfan vilja. Hestur þessi var talinn óvenju vitur og kom það oft fram í samskiptum hans við húsbondann, Hildipór Hjálmtýsson, bónða á Harrastöðum. Hildipór var, jafnhliða búskapnum, símskjóri og póstafræðslumaður. Hann var góður smiður á tré og járn, vinsæll og greiðasamur, en mjög ölkær. Margar sögur eru til af honum og Skjóna, þótt fáar verði hér skráðar.

Einu sinni sem oftar var Hildipór á ferð, ölvaður og svefnþurfi. Valt hann af baki, sem ekki var þó venjulegt, því Skjóni var vanur að hlaupa undir eftir því hvernig Hildipór hallaðist.

Óhapp þetta henti á alfaraleið og kom innan skamms maður þar að. Stóð þá Skjóni grafkyrr en eigandinn sofandi undir kviði hans. Var helst að sjá sem hesturinn hefði tekið þarna varðstöðu og væri þess albúinn að verja vin sinn fyrir hvers konar umferð og óþarfa afskiptasemi. – Óþarfi er að efast um sannindi þessarar sögu, því að maðurinn, sem hitti þá Hildipór og Skjóna var grandvar í öllum málflutningi og laus við ýkjur.

Margar sögur sagði Hildipór sjálfur af samskiptum þeirra Skjóna, meðal annars að hesturinn, sem var stór og þrekinn, hefði margoft lagst á hnén til að auðvelda reikulum vini sínum að komast á bak.

Hildipór reykti mikið bípu, jafnt á hestbaki sem endranær og vildi eldurinn oft kulna í henni þegar hann var á ferðalagi og spjallaði við ferðamennina, sem með honum voru.

Eitt sinn sem oftar vorum við saman á ferð í stríðum stormi. Skjóni var þá orðinn gamall en vel ferðafær. Pegar Hildipór bjóst til að kveikja í bípu sinni hafði ég orð á því, að það væri ekki haegt í því líku stórvíðri. „Ojú,“ svaraði

hann, „það get ég, Guð á ekki það rok til í eigu sinni, að ég geti ekki kveikt í pípunni.“ Sú varð líka raunin á. Hann kveikti í pípunni og eyddi ekki nema einni eldspýtu, en hann naut líka aðstoðar Skjóna. Hildiþór gaf slakan tauminn, færðist í kufung, dró jakkann og kápuhornið upp, fór með hendina þar innundir og kveikti í pípunni þar sem hann hélt henni í lófa sér. Um leið og Skjóni varð þessara tilburða var, hægði hann ferðina og virtist fylgjast með hverri hreyfingu mannsins, sem á baki hans sat og haga háttum sínum þar eftir. Segi menn svo að skepnurnar séu skynlausar. En sjálf sagt eru þær misvitrar eins og mennirnir. Og ég hygg að það sé eins um hestinn og mannskepnuna. að aðbúð og uppeldi hafi áhrif á skapgerð hans og ráði miklu um þau viðbrögð, sem hann sýnir í þjónustu mannsins.

Skjóni naut góðrar aðhlynningar. Hann var vel hirtur og honum gefið gott fóður. Hvert haust var hann snemma tekinn á hús og aldrei láttinn deila kjörum með gaddhestum. Hann var líka mikið notaður, því oft þurfti eigandinn að bregða sér milli bæja.

Hildiþór var meðalmaður á hæð, grannur og líkamaléttur, varð því Skjóna aldrei um megn að fara með hann hverja þá ferð, sem hann var til kvaddur. – Mér hefur orðið svona tíðrætt um Hildiþór og Skjóna vegna þess, að um þá mynduðust sögur, sem ótvíráett sýna hið nána samband þeirra og sérkennilega vitsmuni hestsins. “Og lýkur hér frásögn Jóns.

Ég hefi það eftir öldruðum Miðdælingum að alltaf hafi sami engjabletturinn verið heyjaður fyrir Skjóna, sumar eftir sumar. Var bletturinn niður við Miðá og jafnan nefndur Skjónablettur.

HESTAR OG HESTAMENN Í SUÐURDÖLUM.

Jón Sumarliðason, hreppstjóri á Breiðabólstað, annar aðalstofnandi Glaðs hefur m.a. skrifað eftirfarandi um hesta og hestamenn í Suðurdölum:

„*Korgur* Jóns Einarssonar í Neðri-Hundadal, var ungar steingrár að lit, en varð hvítur með aldrinum. Hann var vart meira en 50 þuml. á hæð, mikill fjörhestur með svo mjúkt brokk, að fágætt var kallað. Hann var eldsnöggur á spretti.

Hörður Jóns Klemenssonar í Neðri-Hundadal var rauður að lit. Hann bar sig hátt og hafði nægan vilja, mjög hastur á brokki en með hýruspor, ef hægt var farið.

Jarpskjóni ofsaþjörhestur með þýðu brokki. Eigandi hans var móðurbróður minn, Klemens Baldvinsson í Fremri-Hundadal. Ég þorði ekki að koma á bak þessum hesti sökum þess hve hann var fjörmikill og stífur.

Gráblesi móðurbróður míns Baldvins Baldvinssonar á Hamraendum var gammvakur skeiðhestur með ljúfan vilja. Hann varð hvítur með árunum.

Smyrill, oftast kallaður Skógs-Rauður var asaviljugur skeiðhestur og svo ferðmikill að til hans var vitnað, ekki einungis í heimahéraði, heldur víða þar sem til hans spurðist. – Ólafur Jóhannesson, bóndi í Stóra-Skógi hefur vafalaust verið góður tamningamaður, dregur það á engan hátt úr eðliskostum hestsins, þó eigandi hans hafi verið þess umkominn að veita honum gott uppeldi.

Bleikur var ættaður frá Lækjarskógi í Laxárdal. Hann var bráðsnjall vekringur, stór og þreklegur með glaðan vilja. Eigandi Bleiks var Ólafur Finnsson hreppstjóri á Fellsenda í Miðdölum.

Lýsingur, leirljós. Eigandi hans var einnig Ólafur á Fellsenda. Lýsingur, eins og Bleikur var ættaður frá Lækjarskógi. Hann var viljagóður vekringur, þrekinn og mjög fallega byggður.

Hann var ekki vanaður en notaður sem kynbótahestur í sínu heimahéraði nokkur ár. Síðar var hann seldur Höskului

Eyjólfssyni á Hofsstöðum í Hálsasveit, landskunnum hestamanni. Mun hestakyn það, sem Höskuldur á nú, eiga ætt að reka til Lýsinga, og svo mun einnig um fleiri gæðinga í Borgarfirði. – Marga fleiri góðhesta átti Ólafur á Fellsenda, er ég vel man, bæði barn og fullorðinn maður því við vorum langtínum samtíðar- og samstarfsmenn í sveitar- og sýslumálum. Ólafur var hestaunnandi mikill. Hann var laginn reiðmaður og tamdi hesta sína mest sjálfur. Góðhesta notaði hann sér til hvíldar og hressingar fram á elli-ár.

Auðvitað komu margir fleiri með gæðinga sína að Breiðabólstað á uppvaxtarárum mínum en þeir, sem hér hafa verið taldir, því að svo mátti heita að hver búandi maður ætti reiðhest. Þá var ekkert annað farartæki til ferðalaga en hesturinn. Væri hann ekki tiltækur urðu afdalamenn að fara ferða sinna fótgangandi. Allir þeir bændur, sem ég til þekkti fóru vel með reiðhestana sína, létu sér annt um þá og bundu við þá vináttu.” Hér lýkur hinni nærfærnislegu lýsingu Jóns hreppsþjóra á nokkrum gæðingum sveitunga hans frá unglings og uppvaxtarárum á Breiðabólstað. Hafa þeir orðið honum margir hverjir ærið minnisstædir eins og frásögn hans ber með sér. – Hann skrifar mikið um hross Elísabetar móður sinnar, sem um skeið bjó ekkja á Breiðabólstað og einnig þar á eftir um sína eigin hesta, en Jón átti marga trausta góðhesta. Hér er ekki rúm til að birta það allt en í lok frásagnar um hrossin á Breiðabólstað segir Jón:

„Eins og ég fyrr gat um, sóttist ég eftir hvítum hestum og hafði stundum hestakaup, gæti ég fengið hvítan hest fyrir dökkan. Átti ég um margra ára skeið 12 – 14 hesta hvíta.

Ég minnist þess að einu sinni var ég á heimleið með heylest – 12 hesta undir böggum. Mætti ég þá Jóni Ólafssyni alþingismanni og bankastjóra, vék hann út af götunni meðan lestin fór framhjá.

Hann kom svo gangandi til míni, heilsaði mér og sagði: „Ég hélt mig vera að dreyma þegar ég sá þessa sýn. Ellefu hvíta hesta undir böggum og two til meðreiðar, og svo þetta

ilmandi fjallgresi, vel bundið og upp á búið.“ – Ég sagði honum að ég legði áherslu á að allir mínir hestar væru hvítir. „Pú ert þó með einn rauðan?“ Já, en það er nú sérstakt með þann hest, þótt rauður sé. Kostir hans, umfram það, sem almennt gerist, eru svo margir og ég tími ekki að farga honum. T.d. er hann mjög greiðstígur og fer alltaf fremstur í rekstri, en það er mikils virði, ef maður er með áburðarlest í misjöfnu veðri að hafa til forystu hraðgengan hest og heimfúsan, sem óhætt er að treysta.

Rauður var aldrei notaður til reiðar sökum þess, hve illgengur hann var á brokki.

Þegar móðir míni árið 1905 hóf íbúðarhússbygginguna var allur trjáviður fluttur á hestum frá svonefndum Skiphól, sunnan Hvammsfjarðar og þangað var hann fluttur á sjó utan frá Stykkishólmi. Þar var hann keyptur hjá verslun Sæmundar Halldórssonar, en þess getur Óskar Clausen í endurminningum sínum. – Viðurinn var bundinn í drögur og venjulega fluttur á 12 hestum, stundum fleiri, ef lánshestar voru með. Þrír eða fjórir menn voru til að útbúa klyfjarnar og fylgja lestinni, var uppábúnaði hestanna flýtt eftir því sem kostur var, því alltaf varð að sæta sjávarföllum fyrir Snóksdalspolla og kostað kapps um að komast á sömu fjöru fram og til baka, því að öðrum kosti var um miklu lengri leið að fara, ellegar bíða yfir flóðið. Engum hesti var sleppt lausum fyrr en klyfjar voru komnar til klakks á þeim öllum, og venjulega var Rauður með þeim síðustu, sem látið var upp á. Þar sem gatan inn yfir Vestliðaeyrina var rúm og mjög greið, leið ekki á löngu áður en hann var orðinn fremstur og leiddi eftir það lestina alla leið heim. Bærinn Gröf er sem næst þrem km neðar í Sökkólfssdal en Breiðabólsstaður, og tók fólkid í Gröf eftir því, að þegar Rauður stikaði þar framhjá, mátti búast við aðallestinni að hálftíma liðnum. Aldrei minnist ég þess að ofan færð drögur af Rauð, þó hann væri svo langt á undan og enginn til að líta eftir. Honum virtist falla mikið betur að draga en bera allan þungan á baki sér. – Rauður var einn þeirra hesta, er ég fékk

úr búi móður minnar þegar hún hætti búskap. Ég þekkti hann því vel og vildi ekki missa hann sem forystuhest í flutningaferðum heimilisins.“

Í eftirfarandi kafla ræðir Jón Sumarliðason um hið svonefnda *Skógrkotskyn* og tæplega er þess fróðleiks að vænta frá nokkrum nýlifandi manni.

„Ólafur í Skógrkoti í Miðdöllum, föðurbróðir minn, átti jarpsokkótta hryssu, er *Skotta* var kölluð. Hún var fjörhross mikið, klárgeng en brokkið fínt. Frá þessari hryssu er komið hið svonefnda Skógrkotskyn. Kristján Jóhannesson, sem lengi var heimilismaður í Skógrkoti eignaðist bleikskjóttu hryssu undan Skottu. Var hún í flestu lík móður sinni. bæði með vilja og gang. – Pessar tvær hryssur urðu formæður margra gæðinga í Döllum og víðar. Skal hér nokkurra getið.

Höttur, brúnhöttóttur brokkhestur með æstan, tillitslítinn vilja.

Brúnska, með henni kom skeiðið í ættina og ekki spillti það kostum hennar né útbreiðslumöguleikum.

Jarpskjóni, reiðhestur Finnboga bónda á Sauðafelli var af Skógrkotskyni, bráðviljugur hestur og flugvakur.

Kolbakur Jóns Jónssonar í Hundadal var alþekktur gæðingur og mikið af honum látið. – Báðir síðasttaldir hestar lento síðast í eigu Þórarins Egilssonar í Hafnarfirði, en hann var á sinni tíð mikill hestamaður.

Bursti, ljúflingshestur með ágætan vilja og mikið gangrými. Eftir því sem ég best man keypti Baldvin bróðir minn hann af Kristjáni í Skógrkoti, þá óvanaðan. Var hann svo um skeið hafður til kynbóta, en síðan seldur Guðmundi P. Ásmundssyni á Krossi í Haukadali, sem aldrei létt klárinn falan, hvað sem í boði var og felldi hann að síðustu heima.

Margir fleiri hestar af Skógrkotskyni hafa látið að sér kveða í Miðdöllum.

Sokki Ólafs Finnbogasonar á Sauðafelli, jarpsokkóttur, mikill fjörhestur með brokk og tölt.

Kuldi Gríms Jónssonar í Hundadal, brúnn gæðingur með góðan vilja og allan gang.

Brúnn Benedikts Sveinssonar á Hamraendum var mikill gæðingshestur og viljugur, jafnfær á öllum gangi, taumléttur og lundþýður.

Kristján í Skógrkoti hélt mikið upp á þessa hrossaætt og lagði rækt við hana fram á elliár, enda brást hún aldrei hvað snerti vilja og ganggæði.

Hestaunnendur í öðrum héruðum litu margir hýru auga til ungra hrossa, sem upp ólust í Döldum og áttu ætt sína þangað að rekja. Þaðan eru því komnir margir landskunnir gæðingar.

Gletta Sigurðar Ólafssonar var frá Dönustöðum í Laxárdal. Hún var landsfrægt skeiðhross og mun enginn hestur enn þá hafa hnekkt meti hennar á skeiðspretti. (Vantar árið, sem þetta er ritað. Innskot E.K.) Undan Glettu hefur Sigurður eignast mikla og ganglægna hlaupahesta, sem unnið hafa til verðlauna á nálega hverju hestamóti.

Gnýfari Porgeirs í Gufunesi er líka úr Döldum. Hann er ættaður frá Kirkjuskógi í Miðdöldum og var einn fljótasti stökkhestur landsins um margra ára skeið.

Í Bæ og í Skörðum voru mörg fótlipur viljahross, en ekki er mér kunnugt, hvort þau áttu ætt að rekja til mæðgnanna í Skógrkoti, Skottu og Bleikskjónu.“ Hér lýkur frásögn Jóns Sumarliðasonar.

SETIÐ HJÁ SAUÐAFELLSBRAEÐRUM OG ÓSKARI BJARTMARZ

Óskar Bjartmarz, fyrrum forstjóri Löggildingarstofu voga- og mælitækja býr nú á heimili aldraðra í Seljahlíð í Reykjavík. Hann verður 97 ára á þessu ári, 1988, en ber þennan háa aldur mjög vel. Kona hans var Guðrún, dóttir Bjarnar sýslumanns Bjarnarsonar á Sauðafelli. – Árum saman ferðaðist hann umhverfis landið á hestum, en það tilheyroi starfi hans. Óskar ólst upp í Döldum og getur enn þá

rifjað sitthvað upp um menn og málefni – beggja megin síðustu aldamóta. Hann segir nú frá.

„Ég man vel eftir vígslu brúarinnar yfir Norðurá í Borgarfirði.“ (Í júnimánuði 1911, sbr. „Öldin okkar“ það ár).

Við Dalamenn fjölmenntum mjög, já, það fór fólk í stórhópum suður um Bröttubrekku og þar voru margir glæsilegir gæðingar í för.

Það var vitað, að auk ræðuhalda, myndi verða glímu-keppni og kappreiðar. Ég mun hafa verið í hópi Miðdælinga, en þeir áttu á þessum árum marga snjalla góðhesta. – Finnbogi á Sauðafelli var mættur með hestinn Hrapp. Við upphaf kappreiðanna komu Borgfirðingar að máli við Finnboga og báðu hann að vera með í skeiðkeppninni. Finnbogi létt lítið yfir sér (var þó dálítið hýr af víni) og sagðist ekki vita hvort hann ætti nokkurt erindi með Hrapp í þann gæðingahóp, sem á staðnum væri. Það þarf vart að taka það fram, að þarna voru mættir allir helstu sveitarhöfðingjar Borgarfjarðarsýslu og margir þeirra með úrvalshesta. Jú, Finnbogi kvað best að lofa Hrapp að hlaupa með í skeiðkeppninni. **Hófst nú keppnin.** Finnbogi og tveir aðrir reyndu saman. Fyrst tók borgfískur hestur forystuna, en Finnbogi og annar Borgfirðingur spöl á eftir. Allt í einu geysist Finnbogi á Hrapp framúr báðum keppinautunum. Þegar vel er hálfnáður völlurinn, gerðist nokkuð, sem ég hefi aldrei síðar orðið vitni að á kappreiðum – við horfðum á það að Finnbogi sneri sér við til hálfs í hnakknum, til að sjá til þeirra, sem á eftir voru, en hestur hans hélt þrátt fyrir þetta fullri ferð og truflaðist ekki hið minnsta á skeiðinu. Hann var langfyrstur að marki, enda var hann afburða skeiðhestur. – Eitthvað komu þessi úrslit Borgfirðingum á óvart, þeim þótti víst verr en miður.

Kappreiðarnar við Norðurá voru lengi í minnum hafðar, ekki síst þau feikna tilþrif, sem Hrappur sýndi þarna á skeiðspretti sínum. – Parna var sagt að hefðu verið um 1500 manns þegar flest var og urðu því mörg vitni að þessum og öðrum úrslitum á samkomu þessari. – En svo undarlega



Yngvi Finnbogason frá Sauðafelli, einn af stofnfélögum Glaðs.



Ólafur Finnbogason frá Sauðafelli, einn af stofnfélögum Glaðs.

bregður við, að í fréttaströgnum frá þessu móti er úrslitanna í skeiðkeppninni að engu getið. Hins vegar er getið úrslitanna í stökki, en þar vann til fyrstu verðlauna rauðskjóttur hestur í eigu Davíðs Þorsteinssonar á Arnbjargarlæk. – Engum getum skal hér leitt að því, hverjir stóðu að fréttaströgnum af þessari samkomu, hvort það voru Borgfirðingar eða aðrir aðilar, en skemmtilegra hefði verið að hafa úrslit skeiðkeppninnar með, ekki síst fyrir þá sök að líkindi eru til að þarna hafi Dalamaður í fyrsta sinni hlutið fyrstu verðlaun í skeiðkeppni. Pó skal ekkert fullyrt um slíkt. Dalamenn voru harla glaðir, þeir ráku einhvernveginm ósjálfrátt upp heróp, já, þeir máttu það. – Mig minnir að verðlaunin væru 15 krónur, sem Finnbogi tók á móti.“

Hér lýkur frásögn hins aldna höfðingja, Óskars Bjartmarz. Hann hafði eins og rést í baki og glampa sló á augu meðan á frásögn þessari stóð.



Guðlaugur Magnússon frá Kolsstöðum, stofnfélagi Glaðs.



Finnbogi Finnsson, Sauðafelli situr á *Hrapp* sínum. Myndin tekin um 1911.


Ljósmyndari óþekktur.

Þeir Sauðafellsbræður, Yngvi og Ólafur Finnbogasynir sögðu með sama hætti frá kappreiðunum við Norðurá eins og Óskar Bjartmarz. Finnbogi á Sauðafelli, faðir þeirra bræðra, (f. 1867, d. 1953) var um hálfraðr aldar skeið einn traustasti bóndi í Miðdolum, síðast á Sauðafelli, árin 1918 – 1936.

Þeir Sauðafellsfeðgar áttu hvern gæðinginn eftir annan, höfðu oft þetta 7 – 8 hesta á húsi að vetrinum og tömdu yfirleitt allt sjálfir. Er vafasamt að á nokkrum öðrum bæ í Döllum hafi verið betra val góðhesta á tímabili. – Oft var líka gripið til hesta þar ef fylgd eða flutning vantaði yfir Bröttubrekku, eða sækja þurfti lækni.

Yngvi Finnbogason sagði svo frá fóðri hestanna, að bestu hestarnir hefðu fengið mjólk eða áfir með fingerðu heyi, stundum töðu. Taldi hann mjólk fara afar vel í hesta.

Skeiðhesturinn Hrappur var fæddur úti í Hrapsey. Fékk



Albert Finnbogason frá Sauðafelli situr á Gránu, sbr. frásögn. Ljósm. Jón Guðmundsson, Ljárskóum.

Finnbogi hann 6 vетra gamlan frá manni er Magnús hét Gíslason. Magnús var í Stykkishólmi eða á Skógarströnd og var oft í ferðum á Ströndinni og talinn ölkær nokkuð.


Sagt er að einu sinni hafi Hrappur synt með Magnús hangandi í faxi sínu yfir Álftafjörð. Mátti þá litlu muna að illa færi.

Hrappur var tæplega meðalhestur að stærð, 51 – 52 tommur. Var hann illa til reika þegar hann kom í hendur Finnboga, sem þá bjó á Svínholi. Gera verður ráð fyrir að fljótt hafi hann séð út folann. Pegar komið var með folann að Svínholi var honum sleppt á húsatúnið. Segir það nokkuð út af fyrir sig.

Þeir bræður Yngvi og Ólafur ræddu nokkuð um samanburð á góðum hestum, fyrr og nú. Þeir sögðu m.a.: Áður fyrr áttu menn hesta af nauðsyn. Þeir voru í stöðugri þjálfun



Póra Borg, leikkona dvaldi á sínum yngri árum mörg sumur á Sauðafelli. Hún tók ástfóstri við hryssu þessa og átti margar yndisstundir á hestbaki.
Myndin tekin á Sauðafelli.



Óskar Bjartmarz, fyrrv. forstöðumaður löggildingarstofu voga og mælitækja.

og áreynslu. Menn urðu að geta treyst á góða ferðahesta, úthald þeirra og þrek. Þess vegna náðu góðir tamningamenn að jafnaði því besta fram, er í hverjum hesti bjó.

Ólafur Finnbogason sagði að Finnbogi faðir sinn hefði selt sinn besta hest, Sauðafells-Skjóna. Kaúpandi hans var Pórarinn Egilsson í Hafnarfirði, eins og áður hefur verið vikið að. Verð hestsins var 1100 krónur, en þá lagði dilkurinn sig á 8 – 9 krónur. Skjóni var jarpskjóttur hestur með allan gang. Mun Ásgeir Jónsson í Gottorp hafa látið svo ummælt, að af þeim tveimur kunnu gæðingum – Kolbak frá Hundadal, er hann mun hafa séð hjá Stefáni skálði frá Hvítadal, sem átti hann um skeið – og Sauðafells-Skjóna, er hann hafði heyrt lýsingu af og sögur, þá hefði hann talið hann enn snjallari gæðing en Kolbak. – Enda var Sauðafells-Skjóni mjög umtalaður góðhestur á sínum tíma.

selja hana til Þýskalands. Víglundur frá Kirkjuskógi kaupir hana þá og kemur henni vestur til átthaganna aftur.

Hann kvað föður sinn hafa selt annan gæðing brúnan til Thors Jensen. Líkaði Thor hann ekki verr en það, að nokkru eftir kaupin og hesturinn var farinn suður, þá sendi hann húsfreyjunni á Sauðafelli. Margréti Pálmadóttur brjóstnælu úr gulli. Átti nælan að vera uppbót á kaupin.

Þeir bræður, Yngvi og Ólafur töldu eins og fleiri hafa haft á orði, að Ólafur Jóhannesson í Stóra-Skógi (f. 1857, d. 1931) hefði átt úrvalshesta, sérstaklega skeiðhesta. Einna kunnastir voru tveir rauðir, og var annar þeirra kallaður Eiríkur rauði. Sagði faðir þeirra bræðra frá því, að eitt sinn þegar Hvammsfjörður var ísilagður út undir eyjar, hefði Ólafur í Skógi ásamt fleirum verið á heimleið eftir ísilögðum firðinum.

Parna var Ólafur á Eiríki rauða, sínum mikla skeiðhesti. Menn mældu vegalengdina milli spora, hefur hún nú gleymst en var með ólíkindum mikil. Skeiðvöllurinn var í stærra lagi, eða nokkrir kílómetrar.

Bróðir þeirra bræðra, Albert, bóndi um skeið á Erpsstöðum átti gráa hryssu, afburða brokkara með flughraða. Einu sinni þegar Björn H. Jónsson var skólastjóri í Hjarðarholti (1920 – 1924) var haldin samkomu í Hjarðarholti, og voru meðal annarra skemmtiatriða haldnar kappreiðar. Fóru þær fram á túninu, nálægt fjárhúsunum, er þá stóðu. Þar sigræði Grána Alberts Finnbogasonar með yfirburðum. Eyjólfur í Sólheimum hafði verið þarna og lét hann svo um mælt að Grána hefði haft tíma til að hlaupa hringinn í kringum fjárhúsin á sprettinum. Grána var ofsafjörhross og fárra meðfæri.

Þeir Sauðafellsbræður töku oft þátt í kappreiðum eins og kappreiðaannáll Glaðs ber með sér. Þeir sögðu líka frá því, að menn hefðu komið saman á gæðingum sínum, sumar og veturn, ef sléttur grasvöllur eða melur fannst. Og skal þá ekki gleymt ísilögðum vötnum og ám, er löngum hafa verið vettvangur góðra skeiðhesta. Þeir sögðu að vegalengdir hefðu

ekki verið mældar í metrum og þaðan af síður voru menn með skeiðklukkur í höndum. Útreiðartúrar á fagra staði í frjálsri náttúru voru helstu samfundir ungs fóks á fyrri árum, eins og verið hafði síðan á söguöld.

Svo komu jepparnir og aðrar bifreiðar á fjórða og fimmta áratugnum, og hestarnir þokuðustu smátt og smátt til hliðar í two til þrjá áratugi að þeir urðu aftur augnayndi en notkun minni og með öðrum hætti en áður.

Báðir bræðurnir, Ólafur og Yngvi gerðust stofnfélagar Glaðs og eru nú ásamt Guðlaugi Magnússyni frá Kolsstöðum einir á lífi af frumherjum félagsins.


ÆTTMÓÐIRIN Í KIRKJUSKÓGI

Ágúst Sigurjónsson fyrrv. bóndi á Erpsstöðum segir frá

Sigurjón Jónsson, bóndi í Kirkjuskógi, (f. 1875, d. 1956) átti um skeið hryssu, er fædd var árið 1934 og hlaut nafnið Ör. Hún var fífilbleik að lit og undan hryssu frá Oddsstöðum en faðirinn var af Hindisvíkurkynni.

Ör var geysihróð á brokki og var oft reynd á kappreiðum, á Nesodda og á Faxaborg. – Peir bræður, Ágúst og Víglundur Sigurjónssynir frá Kirkjuskógi lýstu nokkuð ferli þessarar hryssu og afkomendum hennar en hún varð ættmóðir nokkurra góðhesta.

Einna minnistæðust hefur orðið frammiðstaða hennar á Faxaborg sumarið 1943. Þá sigraði Ör á 300 metra stökki á 22 sek. Nokkru áður það sama sumar var hún reynd í stökkkeppni á Nesodda. Þá vildi svo til að hún stóð nokkur augnablik þegar rásmerki var gefið. Urðu keppinautar hennar vel á undan fyrst í stað en hún náði þó þeim er fremstur fór, en það var Stígandi Ólafs Pórarinssonar en honum var þó dæmdur sigurinn. Þessi tilprif hryssunnar á Nesodda og Faxaborg urðu til þess að vekja athygli á henni, sem endaði með því, að þrír menn úr Reykjavík mynduðu hlutafélag um kaup á henni og greiddu fyrir hana 3 þúsund krónur árið



Víglundur Sigurjónsson situr á Gnýfara yngri, f. 1976. Hann ber sterkan svip formóður sinnar, Örvar frá Kirkjuskógi.



Víglundur Sigurjónsson situr *Ör* frá Kirkjuskógi. Valdimar Jónsson frá Kringslu tók myndina um 1940.

1944. Nefndu þeir félag sitt Sprett hf. Hryssan var svo í Reykjavík næstu árin, allt til 1951, en þá stóð til að selja hana til Pýskalands. Víglundur frá Kirkjuskógi keypti hana þá og kemur henni vestur til átthaganna aftur.

Ör átti alls 5 folöld. Fyrsta folald hennar fórst af slysförum inn á Geldingadal. Annað folaldið, sem hún eignaðist var Gnýfari, hinn landskunni hlaupagammur Porgeirs í Gufunesi. Eftir að hún kom vestur átti hún brúnan hest, sem Glaður hafði sem kynbótahest um tíma. Svo eignaðist hún rauðstjörnóttu hryssu, Stjörnu, f. '54, sem nokkrir góðir hestar hafa komið undan. Stjarna var klárhross með tölti. Eigandi hennar var Águst frá Kirkjuskógi. – Undan Stjörnu komu tvö góðhross, Brana, f. '58, grá hryssa, hlaupahross, og Funí, f. '59, klárhestur með tölti bæði hrossin í eigu Guðmundar sál. Ágústssonar á Erpsstöðum. Sonur Brönu var Hrímnir, klárhestur með tölti. Eigandi var Guðmundur á Erpsstöðum.

Megineinkenni margra þessara hrossa var hlaupahraði og gott keppnisskap.

Nokkrir bestu afkomendur Órvar voru að loknum sínum ferli heygðir að fornum sið og hefur það á seinni árum verið gert víðar í Döluum.

LITFÖRÓTTU HROSSIN Á PORBERGSSTÖÐUM

Á Porbergsstöðum í Laxárdal mun um alllangt skeið hafa verið litförótt hestakyn, sem mikið orð fór af um tíma. – Frásagnir eru nokkuð á reiki um uppruna þessa stofns hér í Döluum. Elsta frásögnin er á þá leið að þegar Ólafur Indriðason, Gíslasonar á Hvöli (f. 1862, d. 1946) var ungar maður í Saurbæ, hafi hann beðið Jón Ásgeirsson á Pingeyrum að útvega sér gott reiðhross að norðan. Sagan segir, að Jón hafi sent honum brúna hryssu, ættaða úr Pingi. Átti hryssa þessi að hafa verið listagott fjörhross með allan gang. Hún átti svo að hafa átt litföróttan fola, er þetta litförótt kyn á Porbergsstöðum væri komið út af. Sé þessi frásögð rétt, þá hefur þetta skeið í búskapartíð Kristjáns Tómasonar, hreppstjóra á Porbergsstöðum, en hann bjó þar árin 1869 til æviloka 1907. Benidikt, sonur Kristjáns tók þá við búi á Porbergsstöðum. Meðal afkomenda hans er talið fullvist að hann hafi keypt tvær litföróttar hryssur norðan úr V.-Húnnavatnssýslu og þær séu formæður litföróttu kynsins. – Má raunar vera að báðar þessar frásagnir eigi við full rök að styðjast þótt hér verði ekki dæmt um það.

Einn af sonum Benidikts Kristjánssonar á Porbergsstöðum, Ágúst, mun hafa lagt sérstaka rækt við kyn þetta, enda komu nokkur rómuð góðhross þaðan. Sérstakt einkenni margra þeirra var afbrigða mikið fjör. Ágúst á Porbergsstöðum lést árið 1936 og eftir það virðist sem ræktun kynsins hafi hnignað, en nokkur hross blönduð þessu kyni og með litareinkennin finnast enn þá í sýslunni.

Andrés Magnússon, bifreiðastjóri frá Ásgarði var kunnur hestamaður. Hann átti um skeið litföróttan reiðhest af þessu



Hér situr Jón Ingvarsson frá Hóli í Hvammssveit á hesti sínum, Létti. Léttir var litföróttur góðhestur. Hafði allan gang og var kominn af litförótta kyninu frá Þorbergsstöðum.

kyni. – Sigurgeir Magnússon, höfundur bókarinnar *Ég berst á fáki fráum* segir í eftirfarandi bókarkafla frá kynnum sínum af Litfara Andrésar, þegar þeir höfðu hist í Saurbænum og orðið samferða suður Svíndalinn bjarta júlinótt árið 1933:

„Litfari stóð kyrr á meðan ég fór á bak, en auðfundið var, að hver vöðvi var þaninn. Strax í fyrstu sporum tók hann nokkur bogahopp til að búa sig undir að ná stökkinu, hlutverk mitt var að lægja öldurnar, sem risu hátt. Hér gilti allt annað lögmál en hjá venjulegum hesti. Svona óður fjörhestur þolir ekki föst átök, heldur er léttleikandimátulegur stuðningur við taumana vísast til árangurs. Pað var sama, hvort farið var eftir grundum eða melgötum, yfir ár eða læki, aldrei slaknaði á spennu. Hafi nokkur maður og hestur átt nokkurn sérstakan stað á landi hér út af fyrir sig, þá áttum við Litfari Svíndalinn þessa nótt, með öllum hans gögnum og gæðum. Stundum hvarf allt úr vitund minni, dalurinn,

samferðafólkið, hinir hestarnir, tími og rúm. Hugur minn dvaldi eingöngu við hreyfingar þessa dásamlega hests. Við-brögð míni voru að fylgja eftir snöggum hreyfingum hestsins og ótrúlegum fyrirbærum hans á öllum gangtegundum. Prátt fyrir þetta laut hesturinn vilja mínum, að svo miklu leyti, sem fjörhestar gera. Allt skiptist á, brokk, tölt, skeið, stökk og hopp – hver gangtegund stutt í einu.“ Lýkur hér frásögn Sigurgeirs.

Andrés í Ásgarði var laginn hestamaður og mun hann hafa tamið þennan litföróttu gæðing. Annan hest af sama kyni eignaðist Andrés eftir að hafa selt þann fyrri. Kom Andrés honum í tamningu til Guðmundar Theóðórs, bónda í Stórholti. Guðmundur var þekktur að góðri hestamennsku og mun hafa verið laginn tamningamaður. Þessi hestur var líka rauðlitföróttur og batt Andrés miklar vonir við hann. Kom folinn að Stórholti um haust en veiktist um miðjan veturnar svo varð að fella hann.

Eins og áður segir finnast enn þá litförótt hross, sem eiga ættir að rekja til þessa kyns á Þorbergsstöðum. Það er aldrei að vita nema enn eigi eftir að koma fram á sjónvarsviðið litföróttir fjörgammar, sem bera í sér neistann forna úr Húnabpingi.

KAPPREIÐAR Á FYRRI ÁRUM

Guðmundur á Hóli í Hörðudal er einn af heiðursfélögum Glaðs. Hann segir svo frá að þegar hann var 9 ára gamall hafi hann fengið að fara út í Gunnlaugsvík á skemmtisamkomu, sem þar var haldin að sumarlagi. – Samkoma þessi var allvel sótt og var dansað um kvöldið í vörugeymsluhúsi á staðnum. Fyrr um daginn höfðu farið fram kappreiðar uppi á melunum fyrir ofan víkina. Voru hestar reyndir á

stökki. Fljótastur varð brúnn hestur, er Fauti hét, kynjaður frá Hlíð í Hörðudal. Var hann setinn af eiganda, Gísla Jónsyni, er þá dvaldi sem lausamaður í dalnum. Næstfljótasta hestinn, gráskjóttan að lit, átti Sigfús Einarsson í Blönduhlíð. Priðja hrossið, er reynt var þarna var Grána Alberts Finnbogasonar frá Sauðafelli, var hún afbrigðafljót, en náði ekki að sigra í þetta skipti.

Að sögn Ólafs Finnbogasonar frá Sauðafelli voru einnig þetta sama sumar haldnar kappreiðar á Nesodda, en ekki eru nánari fréttir af úrslitum þeirra.

Samkvæmt þessum frásögnum hafa farið fram kappreiðar á tveimur stöðum í sýslunni sumarið 1924, þ.e. eins og áður segir á Gunnlaugsvíkurmelum og á Nesodda.

Árið 1925 var haldin skemmtisamkoma á Dönustöðum í Laxárdal. Háður var kappsláttur, hlaup og kappreiðar. Þrír Laxdælingar reyndu þar hross sín. Þeir voru Daníel Jónasson frá Sólheimum, Skúli Jóhannesson á Dönustöðum og Böðvar Eyjólfsson frá Sámsstöðum. Kappreiðarnar fóru fram á svonefndum Skeiðmel innan við Dönustaðatún. Böðvar bar sigur úr býtum á jarpri hryssu frá Sigurði Sigurðssyni á Hvítadal. (Heimildarmaður Böðvar Eyjólfsson).

III.

STOFNUN GLAÐS

Hestamannafélagið Glaður var stofnað í þinghúsi Miðdalahrenpps á Nesodda, 20. júlí 1928. Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík var stofnað 1922 og Glaður var fyrsta félag sinnar tegundar utan Reykjavíkur.

Í afmælisriti Fáks frá árinu 1949 segir svo á bls. 96: „Var mál þetta (stofnun hestamannafélaga) rætt lítilsháttar á næsta aðalfundi, 24. febrúar 1926 og oftar bar það á góma bæði á fundum og utan þeirra í hópi Fáksfélaga. – En á fundi 13. júní 1927 var samþykkt að kjósa 3ja manna nefnd, til þess að koma fram með tillögur um stofnun hestamannafélaga út um land, og í nefndina kjörnir Lúðvig C. Magnússon, Óscar Clausen og Einar E. Sæmundsen. Þá um vorið fóru Dalamenn að hugsa um að koma á með sér félagsskap hestamanna og fólu Lúðvig C. Magnússyni að leitast fyrir um það hjá Fáki, hvort þaðan myndi að vænta einhvers fjárstuðnings, ef úr félagsstofnun yrði. Frá þessu skýrði Lúðvig á fundi 9. júlí þá um sumarið, og gat þess jafnframt að áhugamenn í Miðdöllum myndu efna þar til kappreiða innan skamms og færi því vel á, að Fákur glæddi þann áhuga með lítilsháttar fjárstyrk. Fundurinn tók þessu vel og samþykkti að veita 120 krónur í þessu skyni, en með því skilyrði þó, . . . „að komið verði upp þar vestra skipulagsbundnum félagsskap hestamanna, og fjárhæðinni, ásamt því fé, sem

áskotnast á kappreiðunum, verði varið til verðlauna á þessum fyrstu kappreiðum. – Var Lúðvig C. Magnússyni falið fyrir Fáks hönd að vera á þessum kappreiðum og sjá um að farið yrði að öllu leyti eftir kappreiðareglum Fáks. Fór Lúðvig síðan vestur og vann að því, að þar var stofnað hestamannafélagið Glaður, 20. júlí með 17 þátttakendum og tveim dögum síðar fóru svo kappreiðarnar fram. Urðu Dalamenn því fyrstir að ríða á vaðið um stofnun hestamannafélaga.“ – Hér lýkur frásögn afmælisrits Fáks.

Í þessari frásögn hér að framan kemur ljóslega fram, að hinn drengilegi stuðningur Fáksfélaga réði miklu um stofnun félagsins. – Hins er líka að geta að tveir af þremur í útbreiðslunefnd Fáks, þeir Óscar Clausen og Lúðvig voru vel kunnugir hér í sýslu. Óscar hafði um árabil unnið við fjárkaup og verslun, sérstaklega í Suðurdölum eins og glöggt kemur fram í bókum hans sumum. Hann segir einmitt frá hverjum gæðingnum eftir annan og sat raunar á sumum þeirra í ferðum sínum.

Lúðvig var líka kunnugur vestra, a.m.k. í Miðdolum, þar sem eiginkona hans, Ragnheiður Sumarliðadóttir var frá Breiðabólstað í Sökkólfssdal.

Upphafleg tala stofnenda er nokkuð á reiki. Eins og komið hefur fram, er í afmælisriti Fáks talað um 17 stofnendur, en í stofnfundargjörð Glaðs rita eftirtaldir menn, 18 að tölu undir yfirlýsingum um stofnun félagsins:

Jón Sumarliðason
Benedikt Jónsson
Baldvin Sumarliðason
Magnús Guðmundsson
Grímur Jónsson
Jóhann Kristjánsson
Kristján Jóhannesson
Ragnar Sigurðsson
Hannes Kristjánsson
Gísli Þorsteinsson

Guðlaugur Magnússon
Ólafur Finnbogason
Sumarliði Jónsson
Yngvi Finnbogason
Jón Jónsson
Bergjón Kristjánsson
Bjarni Gíslason
Pétur Sveinsson

Í fundargjörð stofnfundar segir á þessa leið: „Þau eru til-drög þessa félagsskapar að þeir Lúðvig C. Magnússon útgerðarmaður í Reykjavík og Jón Sumarliðason hrepp-stjóri á Breiðabólsstað ræddu um það eitt sinn sín á milli vorið 1927, að stofna bæri til félagsskapar í Dalasýslu með svipuðu fyrirkomulagi og hestamannafélagið Fákur í Reykjavík.

Í júnímánuði sama ár kom Lúðvig C. Magnússon til Búðardals og átti þá tal um þessi mál við þá Baldvin Sumarliðason í Fremri-Hundadal, Grím Jónsson og Benedikt Jónsson í Neðri-Hundadal. Pessir menn færðu þetta svo í tal við ýmsa sveitunga sína og alls staðar kvað við sami tónninn, að það væri hið mesta nauðsynja- og velferðarmál að stofna til félagsskapar, er beitti sér fyrir bættri meðferð hesta – og um leið, glæddi áhuga og þekkingu á ágæti hesta og íþróttum.

Svo var það að Jón Sumarliðason var staddur í Reykjavík í byrjun þessa mánaðar, og kom hann þá að máli við Lúðvig C. Magnússon, hvort hestamannafélagið Fákur myndi ekki vilja styrkja Dalamenn að einhverju leyti með verðlaun á kappreiðum, er fram ættu að fara í Miðdalahrennpi í lok mánaðarins. Lúðvig C. Magnússon bar fram í nefndu félagi beiðni um fjárstyrk í þessu skyni, og sýndi félagið þá miklu velvild að veita 120 krónur. Jafnframt var Lúðvig C. Magnússyni falið að mæta á nefndum kappreiðum fyrir hönd félagsins og leiðbeina með undirbúning allan, svo og að stofna í Dalasýslu félag, er hefði sömu stefnuskrá og hesta-

mannafélagið Fákur. Kom svo Lúðvig C. Magnússon hingað 16. þ.m. og hefur síðan starfað að undirbúningi undir kappreiðarnar og þessa félagskapar.

Kappreiðarnar eiga að fara fram 22. þ.m. á skeiðvelli þeim, sem forgöngumenn þessa félags hafa beitt sér fyrir, að ruddur yrði á bökkunum fyrir austan Nesodda.

Málshefjandi á fundinum var Lúðvig C. Magnússon. Minntist hann á nauðsynina að stofna slíkan félagskap og kvatti hann fundarmenn til þess að duga nú félagi þessu vel. Bar hann kveðju frá hestamannafélaginu Fáki. Þegar hann hafði lokið máli sínu var kosinn fundarstjóri Jón Sumarliðason. sem kvaddi til ritara Benedikt Jónsson. Pá kvaddi sér hljóðs Lúðvig C. Magnússon og lagði fram uppkast að lögum fyrir félagið og gaf fundinum skýringar á þeim.

Kom þá að því að gefa þyrfti féluginu nafn. Urðu um það nokkrar umræður, og komu fram ýmsar tillögur, svo sem Gyllir, Gulltoppur, Svanur, Glaður, Víkingur, Haukur, o.fl. Loks var samþykkt að nefna félagið Hestamannafélagið Glaður.”

HESTAPINGIN

Kappreiðavöllurinn við Nesodda er raunar í landi tveggja jarða, þ.e. Erpsstaða og Pórólfsstaða. Kappreiðasvæðið var löngum aðskilið frá Nesoddanum með kvísl úr Miðá, en Nesoddinn sjálfur sem hólm, enda lá fyrrum trébrú yfir kvísl þessa, eins og margir muna sjálfsagt enn í dag.

Á Nesodda stóð um langa hríð samkomuhús og þinghús Miðdalahrenpps. Elsti hluti þess húss var flutt frá Stóra-Skógi fyrir löngu síðan, en þar hafði það upphaflega verið reist um 1905 og þá yfir rjómabú, sem starfaði frá 1905 – 1908. Eftir að rjómabúið hætti starfsemi var húsið notað sem þinghús og samkomuhús sveitarinnar. Stóð svo þar til það var flutt fram á Nesodda. Orsök flutningsins var sú að langt þótti að sækja til mannfunda í Stóra-Skógi, enda á sveitarenda. Baldvin



Dugur frá Hrappsstöðum, 7 v. Faðir: Stígandi, Stykkishólmur. Móðir: Drífa, 3974. Eig.: Svavar Jansson, Hrappsstöðum. Knapi: Eig. Dugur stóð efstur í B-flokki á Nesodda 1983 með einkunni 8.69. Á fjórðungsmótinu á Kaldármelum 1984 varð hann í öðru sæti í B-flokki með einkunni 8.42. Ljósm. Eiríkur Jónsson.

bóni í Fremri-Hundadal bauð – ef af flutningi yrði, að heimila land fyrir húsið, því hólmi sá, er húsið var reist á, tilheyrdi ábýlisjörð hans, Fremri-Hundadal. Var þetta þegið af hreppsins hálfu og húsið flutt. Nokkru seinna byggði ungmennafélagið Æskan í Miðdöllum við húsið og hafði þar sína aðstöðu til fundarhalda um langt skeið.

Samkomuhúsið á Nesodda er fyrir stuttu síðan horfið sjónum og nýtt samkomuhús er risið á melunum við Tunguá.

Margir eiga fjölbreyttar minningar frá þeim árum er kappreiðamótin enduðu með fjöri og gleðskap í gamla samkomuhúsini á Nesodda. Nokkur undanfarin ár hafa dansleikir í lok kappreiðanna verið haldnir í Dalabúð í Búðardal eða í 1980. Frásagnir eru uppi um fyrirkomulag dansleikja á Nesodda á fyrri árum. Var danstímanum skipt þannig, að danssalur var ruddur á klukkustundarfresti. Gat það tekið



Marteinn Valdimarsson, Búðardal á hesti sinum *Funa* frá Jörva. Kemur í mark á Pingvöllum 1978 á nýju Íslandsmeiti á brokki.

nokkra stund, en að því loknu var byrjað að selja inn aftur. Mun slíkt form dansleikja ekki hafa verið almennt stundað.

Fólk úr nágrannahérudum sótti alltaf Nesoddamótin, einkum Borgfirðingar og Mýramenn, en seinna fóru flokkar hestafólks og annarra að koma af Snæfellsnesi, norðan úr Strandasýslu og vestan fyrir Gilsfjörð. Burtflutt Dalafólk úr Reykjavík og viðar var á flestum samkomum og sumir fastagestir árum saman. Nokkuð var um það að bæði karlar og konur kæmu ekki í Dali nema á Nesoddamót, og má segja að því hafi svipað til Jörvagleði að því leyti, þótt almennt siðferði væri betra þar en sagnir herma frá síðustu Jörvagleðum.

Vist er um það, að frá mörgum Nesoddamótum áttu ýmsir ljúfar minningar, þar sem saman fléttuðust kynni við fólk og fagra hesta, en umgjörðin grænir vellir og hlíðar í hásumardýrð.



Á góðri stund. Í Laufskálarétt í Skagafirði. F.v. Grettir Guðmundsson, Búðardal, Kjartan Jónsson, Dunki, Skjöldur Stefánsson fyrrv. form. Glaðs, Guðmundur Guðbrandsson, Hóli.



Á Nesodda, 4. júlí 1987. Úrslit í B-flokki: Frá v.: 1. *Rispa*, knapi Jón Ægísson 2. *Drífandi*, knapi Guðmundur Ólafsson 3. *Draumur*, knapi Marteinn Valdimarsson.



Nesoddi í Miðdöllum um 1960. Ljósm. **Valdimar Jónsson**.



Hallur Jónsson frá Búðardal situr hestinn *Twist*. *Twistur* var gæðingur með allan gang og tók oft fyrstu verðlaun á skeiði á Nesodda og einu sinni á Faxaborg.



Eyjólfur Jónsson á Sámsstöðum í Laxárdal hefur verið í *Glað* í 29 ár. Hér situr hann á hryssunni Iðu, nr. 4095, en hún var ættmóðir nokkurra góðhrossa á Sámsstöðum.



Jón Hallsson, Búðardal, fyrrv. form. Glaðs situr á hryssunni *Hörpu* á Nesodda árið 1985. Harpa tók *Gleettubikarinn* fyrir skeið það ár.



Nesoddamót 1979. Efstu hestar í A-flokki gæðinga:
Frá h. *Fluga*, rauðglófext frá Stórholti, eig. Benidikt Frímannsson.
Knapi Erling Kristinsson, Hvítadal. *Stjarni*, eig. og knapi Eyjólfur
Jónsson Sámsstöðum. *Minnir*, eig. og knapi Jóhannes Stefánsson,
Kleifum. Allir þessir hestar voru 6 vетra þegar mótið var.



Eyjólfur Jónsson og *Stjarni* frá Sámsstöðum.

Hestaverslun var alltaf nokkur og á fyrstu kappreiðamótunum ásældust margir hesta af Dalakyni. – Á kreppuárnum 1930 – 40 féll margur bóndinn fyrir gullinu, ef riflega var af hendi reitt. Peningagreiðslurnar hafa sjálfsagt komið sér vel fyrir margan bóndann, en óneitanlega hefur sala hvers gædings skert svip hópsins.

Í tímans rás hefur fyrirkomulag kappreiðamótanna all-nokkuð breyst. Er slíkt að vonum. Fyrstu mótaskrárnar bera með sér að aðeins hefur verið keppt á skeiði, brokki og stökki. En eins og allir vita hafa nú nýjar greinar bæst við og keppt á öðrum vegalengdum. Það er eftirtektarvert að mörg fyrstu árin náðist ekki árangur í skeiðinu. Hestar vildu stökkva upp. E.t.v. hefur þetta verið mest meðan hestarnir voru óvanir keppni á staðnum.

STJÓRN OG STARFSHÆTTIR

Pegar fyrstu lög félagsins höfðu verið samþykkt á stofnfundinum var kosið í hina fyrstu stjórn. Pessir menn voru kjörnir:

Jón Sumarliðason, Breiðabólstað, formaður
Benedikt Jónsson, Fellsenda, ritari
Ólafur Finnbogason, Sauðafelli, gjaldkeri
Í varastjórn:
Magnús Guðmundsson, Skörðum, formaður
Gísli Þorsteinsson, Þorgeirsstaðahlíð, ritari
Hannes Kristjánsson, Hörðubóli, gjaldkeri.

Á stofnfundi var svo kosið í þessar starfsnefndir:

Í skeiðvallarnefnd:
Baldvin Sumarliðason, Fremri-Hundadal
Sumarliði Jónsson, Miðskógi
Yngvi Finnbogason, Sauðafelli

Endurskoðendur:

Magnús Guðmundsson, Skörðum
Guðlaugur Magnússon, Kolsstöðum

Í útbreiðslunefnd:

Bergjón Kristjánsson, Snóksdal
Jóhann Kristjánsson, Bugðustöðum
Grímur Jónsson, Neðri-Hundadal
Ragnar Sigurðsson, Fremri-Hundadal
Jón Jónsson, Neðri-Hundadal

Pað vekur athygli í 2. grein fyrstu félagslaganna að þar er svohljóðandi málsgrein: „*Að safna og saman halda sönum sögum um afbragðshesta og afrek þeirra.*“ – Ekki hefur þó neitt varðveisist svo vitað sé af þessu tagi og er illt til þess að

vita að því skyldi ekki vera betur framfylgt, því af nógu er að taka eins og þegar hefur að nokkru leyti komið fram í þessu söguágripi félagsins.

Eins og áður hefur komið fram eru stofnendur félagsins 18 að tölu. Næstu 7 ár ganga samtals 21 maður í félagið, eru þá félagsmenn 39 alls. Á árunum 1937 – 1943 bættust um 40 félagar við og er þá meðlimatala orðin um 80. Því ekki er getið um nokkra, sem þá höfðu gengið úr félagini. Félagar eru þá úr nær öllum sveitum sýslunnar og á þessum árum stendur hagur félagsins traustum fótum. Nú eru félagsmenn 152 að tölu, eða 7. hver íbúi í Dalasýslu.

Í nokkrum fundargjörðum er getið samþykkta um ferðir um héraðið á hestum. Ekki kemur fram hve margar af þessum fyrirhugðu ferðum hafa verið farnar, því eiginlega starfsskýrslu vantar.

Annað slagið kemur fram í gjörðabókum að unnið er að endurbótum og viðhaldi skeiðvallar og girðinga eins og eðlilegt má telja.

Vorið 1932 er fyrsti kynbótahesturinn keyptur. Hlaut hann nafnið *Glaður*. Hann var þá 2ja vetra, jarpur að lit, sonarsonur Páttar á Kleifum. Móðurætt frá Gilsbakka. Undan hesti þessum komu a.m.k. 5 hross, er unnu til verðlauna. Flest í fyrsta skipti í folahlaupi á Nesodda. Glaður var notaður til kynbóta í 4 ár, síðan seldur sem reiðhestur til Reykjavíkur. – Næsti kynbótahestur var *Hrafn*, keyptur af Þorbirni Ólafssyni bónda á Harrastöðum. Folinn var notaður í 2 ár og undan honum komu nokkur verðlaunahross, enda var Hrafn af Skógskotskyni. Priðji kynbótahesturinn var svo keyptur utan héraðs, nefndur *Fálki*, ættaður norðan frá Blöndudal í Húnvatnssýslu. Fálki var af ætt *Pokka* frá Brún.

Kappreiðar hafa árlega farið fram á Nesodda, allt frá stofnun félagsins – að undanteknu árinu 1954, þá fellið þær niður samkvæmt ákvörðun aðalfundar þá um vorið. Á aðalfundum kemur stundum fram að þátttaka sé dræm en alltaf rættist úr málum nema þetta ár.



Jón Sumarliðason, hreppstjóri á Breiðabólstað var aðalhvataður á heimaskóðum að stofnun Glaðs og formaður félagsins í 28 ár.



Guðrún Magnúsdóttir, húsfreyja á Breiðabólssstað í Miðdolum situr í söðli á reiðhesti sínum heima á hlaði.

Á fyrstu árum kappreiðamótanna var ekki unnið við skráningu hesta fyrir mótsdag. Var þá ekki vitað um þátttöku fyrr en mótsdaginn.

Frá stofnun Glaðs hafa eftirtaldir menn gegnt formannsstörfum:

- Jón Sumarliðason, Breiðabólssstað 1928 – 1935
- Magnús Guðmundsson, Skörðum, 1935 – 1937
- Jón Sumarliðason, Breiðabólssstað 1937 – 1958
- Baldvin Þórarinsson, Svarfhóli 1958 – 1966
- Bjarni Finnbogason, Búðardal 1966 – 1968
- Baldvin Þórarinsson, Svarfhóli 1968 – 1971
- Jón Hallsson, Búðardal 1971 – 1979
- Hólmar Pálsson, Erpsstöðum 1979 – 1982
- Kristján Jónsson, Hólum 1982 – 1985
- Skjöldur Stefánsson, Búðardal 1985 – 1988
- Kristján Gíslason, Laugum 1988 –



Ludvig C. Magnússon, skrifstofustjóri í Reykjavík veitti ómetanlegan stuðning við stofnun Glaðs.



Núverandi stjórn Glaðs. Aftari röð f.v.: Gunnar Svavarsson, Kristján Gíslason form., Eyjólfur Jónsson. Fremri röð f.v.: Bryndís Karlsdóttir ritari, Svandís Sigvaldadóttir gjaldkeri, Svavar Jensson.

Árið 1972 voru eftirtaldir félagar Glaðs kjörnir heiðursfélagar samkvæmt tillögu stjórnarinnar:

Gísli Þorsteinsson, Þorgeirsstaðahlíð
Bergjón Kristjánsson frá Snóksdal
Magnús Guðmundsson, Skörðum
Jóhann Kristjánsson frá Bugðustöðum
Grímur Jónsson, Hundadal
Ragnar Sigurðsson, Hundadal
Yngvi Finnbogason frá Sauðafelli
Ólafur Finnbogason frá Sauðafelli
Pétur Sveinsson frá Skallhlóli
Guðlaugur Magnússon frá Kolsstöðum.

Áður höfðu verið kjörnir heiðursfélagar þeir

Jón Sumarliðason frá Breiðabólsstað
Oddur Eysteinsson, Snóksdal

Árið 1978 voru þessir menn kjörnir heiðursfélagar:

Ágúst Sigurjónsson, Erpsstöðum
Guðmundur Guðbrandsson, Hóli
Magnús Gestsson, Hrafnabjörgum
Jón Jósefsson frá Sámsstöðum
Guðbjörn Ketilsson, Hamri

Á árinu 1983 var Jón Hallsson Búðardal kjörinn heiðursfélagi.

Á árinu 1988 voru svo þessir menn kosnir heiðursfélagar:

Kristján Magnússon, Seljalandi
Björn Þórðarson, Blönduhlíð
Jóhannes Stefánsson, Kleifum

Margir af þessum heiðursfélögum höfðu gerst stofnfélagar en aðrir starfað lengi og vel í þágu félagsins. Í formannssæti sat lengst Jón Sumarliðason, hreppstjóri, Breiðabólstað og næst honum Baldvin Þórarinsson, bóndi á Svarfhóli, 11 ár. Hins vegar var það Gísli Þorsteinsson í Porgeirsstaðahlíð, sem lengst allra sat í stjórn félagsins, eða alls í 38 ár sem gjaldkeri. – Auk þess var hann oft í dómnefnd á kappreiðum, stundum ræsir svo og þulur í fjöldamörg ár.


JARÐAKAUP OG AÐRAR FRAMKVÆMDIR GLAÐS

Á almennum félagsfundi 27. janúar 1972 var samþykkt að kaupa jörðina Svarfhól í Miðdöllum, sem þá hafði verið til sölu. Hefur jörðin síðan verið til afnota fyrir tamningastöð, félagsmenn unnið nokkuð við viðhald girðinga og húsa, en að öðru leyti ýmist leigð til ábúðar, eða aðeins látið heyja túnið.

Á aðalfundi félagsins 30. apríl 1982 var að loknum umræðum samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Aðalfundur Glaðs 30. apríl 1982 samþykkir að fela stjórninni að vinna að undirbúningi að byggingu hesthúss í Búðardal og leggja tillögur fyrir næsta aðalfund, eða aukafund, sem tæki ákvörðun um framkvæmdir. Enn fremur að leita eftir samstarfi við Hrossaræktarsamband Dalamanna og hesteigendafélag Búðardals um byggingu hesthúss.“ Að tveimur árum liðnum frá samþykkt þessari var húsið risið af grunni og tekið í notkun. Ýmislegt var þó eftir við frágang og mátti segja að á árinu 1987 væri húsið og umhverfi þess að mestu lokið.

Hesthúsbyggingin hefur orðið félaginu þess kostnaðarsamasta framkvæmd, en þó mun nú sjá vel fram úr henni, enda eignir félagsins á 3. milljón króna. Hesthúsið var byggt í Búðardal og hefur verið í stöðugri notkun síðustu ár.



Hófgerði 2, Búðardal, hesthús félagsins. Ljósm. Stefán Borgþórsson.



Svarfhóll í Miðdöllum. Ljósm. Stefán Bergþórsson.



Dómpallur á Nesodda, reistur 1986. Ljósm. Stefán Bergþórsson.

TAMNINGASTÖÐVAR

Búnaðarsamband Dalamanna hóf rekstur tamningastöðvar árið 1960 í Pálsseli í Laxárdal. Næsta ár, 1961 rak sambandið tamningastöð að Hrafnabjörgum í Hörðudal. Tamningamenn voru þeir Björn Þórðarson, Lúðvík Þórðarson og Skarphéðinn Pálsson.

Það er svo ekki fyrr en á fundi í féluginu árið 1967, að samþykkt er „að beina þeim tilmælum til Búnaðarsambands Dalamanna hvort það sjái sér ekki fært að koma á tamningastöð hér í sýslunni, helst nú á þessu vori, eða sumri. Telur



Dúkka frá Hrappsstöðum, 9 v. Faðir: Ófeigur 818. Móðir: Drífa 3974. Eig.: Alvilda Póra Elísdóttir. Knapi: Hróðmar Bjarnason. Dúkka stóð efst í B-flokki á Nesodda 1982 með einkunnina 8.56. Á fjórðungsmótinu á Kaldármelum 1984 stóð hún efst í B-flokki með einkunnina 8.56.



Drífandi frá Hrappsstöðum, 8 v. Faðir: Funi 944. Móðir: Drífa 3974. Eig. Grettir Guðmundsson, Búðardal.
Knapi: Guðmundur Ólafsson. Drífandi stóð efstur í B-flokki á Nesodda 1988 með einkunnina 8.23. Ljósm.
Eiríkur Jónsson.



8 Hryssan *Rispa*, ættb. nr. 6826, eig. Skjöldur Orri Skjaldarson, Búðardal, knapi: Jón Ægisson. Myndin tekin á Kaldármelum 1988. – *Rispa* var efst í B-flokki gæðinga á Nesodda 1987 og var þá talin glæsilegasti hestur mótsins.



Björn Pórðarson tamningamaður situr á hryssunni *Fjöður*. Teymir bleikan fola, sem var í tamningu. – Myndin tekin uppi á Holtavörðuheiði árið 1937.

hestamannafélagið sig reiðubúið til samstarfs í þessu máli, ef til framkvæmda kemur.“

Á fundi 1968 er skýrt frá því að ekki verði um samstarf að ræða við Búnaðarsambandið en stjórninni falið að kanna aðstæður með tamningastöð.

Árið 1969, 14. júní er ákveðið að félagið reki tamningastöð. Búið er þá að ráða tvo tamningamenn, þá Björn Pórðarson og Odd Eysteinsson og var þeim fengin aðstaða á Kolsstöðum. Á Kolsstöðum var svo rekin tamningastöð árin 1969 – 1971. Eftir það fóru tamningar fram um hríð á Svarf-



Snarfari frá Þorbergsstöðum, eig. Skjöldur Stefánsson, Búðardal, Knapi: Hróðmar Bjarnason. Myndin tekin 1982 á Nesodda, þegar *Snarfari* stóð efstur í A-flokki gæðinga.

hóli, en eftir að félagið eignaðist hesthús í Búðardal hefur miðstöð tamningastarfsemi flust þangað. Hefur tamningastarfsemin aldrei fallið niður hin síðari ár.

Af félagsmönnum Glaðs hefur enginn unnið jafn lengi við tamningar en Björn Þórðarson, Blönduhlíð, eða yfir 20 ár.

IV.

UNGIR OG ALDNIR SEGJA FRÁ

PAR HEFUR HESTAMENNSKAN LEGIÐ Í BLÓÐINU

Jóhannes Stefánsson á Kleifum í Gilsfirði er 5. liður, í beinan karlegg af Bjarna landlækni Pálssyni. Af þeim feðgum hafa a.m.k. 4 verið þekktir hestamenn og sumir þeirra landskunnir, eins og t.d. sr. Eggert Bjarnason í Stafholti. Og enn þá fylgir hestamennskan þeim ættmönnum. Jóhannes á Kleifum ræðir að vísu fátt um eigin hesta og hestamennsku, en þess meira um bestu góðhesta Stefáns föður síns og Eyjólfs afa síns, sem bjó á Gilsfjarðarmúla.

Jón Ásgeirsson á Pingeyrum (f. 1839, d. 1898) létt svo ummælt þegar hann var inntur eftir sínum fyrstu kynnum af góðum tamningamönnum: „Hann Lói minn blesstaður kenndi mér þetta.“ Atti þá Jón við Eyjólf (f. 1836, d. 1916), afa Jóhannesar.

Af gæðingum Stefáns Eyjólfssonar á Kleifum hafa einkum tveir orðið nafnkenndir, en það var hryssan *Perla* og dökkjarpi hesturinn *Páttur*, bæði meðal mestu gæðinga á Vesturlandi um sína daga. – Um hesta Stefáns á Kleifum mætti rita langt mál og hefur þegar verið gert að nokkru, sbr. grein Sigurgeirs Magnússonar í 14. árg. Hesturinn okkar, 2. tbl. '73 og vísast hér til hennar. En mest hefði það orðið til gagns og fróðleiks, ef slíkir smillingar, sem þeir feðgarnir Stefán og



Jóhannes Stefánsson Kleifum lætur hryssuna *Skjónu* standa á einum fæti. – Myndin tekin á kappreiðamóti norður í Bitru. Ljósm. Tryggvi Samúelsson.



Jóhannes Stefánsson Kleifum situr á hryssunni Iðu á Þingvöllum 1970. Ljósm. Einar Eilert.

feðgarnir Stefán og Eyjólfur hefðu eftirlátið afkomendum og öðrum frásagnir í skrifuðu máli af tamningu og uppeldi bestu hrossa sinna.

Sjálfur hefur Jóhannes á Kleifum átt marga góðhesta og hefur ásamt fleirum stofnað til hrossaræktunar á heimaslöðum. Hann hefur stundað hrossakaup, einkum á sínum yngri árum. Eitt sumarið hafði hann hrossakaup á um 40 hrossum. Hafði hann út úr því tvo gæðinga, sem enginn vildi eiga.

Sléttubandavísur um hestinn Þótt á Kleifum

Jarpur, þýður, hófahreinn,
hnellinn, traustur, frækinn.
Snarpur, fríður, bógabeinn,
bellinn, hraustur, sækinn.



Stefán Eyjólfsson, Kleifum á *þætti* sínum tvítugum. Ljósm. Kári Yngvarsson.

Vegi þeytist fótafrár,
fleygir heitu grjóti.
Eigi þreytist kostaklár,
Kleifum beitir móti.

Þáttar snilli hófahljóð
hamra milli duna.
Máttar trylli-orkuóð
efstu syllur muna.

Hæsti bróður strengur stökk,
Stefán reiðum hætti.
Stærsti gróður fellur, frökk
förlast skeiðin *þætti*.

Guðmundur E. Geirdal bróðir Stefáns á Kleifum gerði
þessar vísur.

„HÝRGAÐUR ÉG HESTI RENNDI . . .“

Eyjólfur Jónasson í Sólheimum í Laxárdal er nú elstur manna í Dölu, f. árið 1889. Snemma hneigðist hugur hans til hestamennsku og ungar að árum fór hann að fást við tamningar. – Ýmsir hafa rætt við Eyjólf um samskipti hans og hestanna, m.a. í tímaritinu Hesturinn okkar og víðar. – Í viðtali við Eyjólf fyrir skömmu kom fram, að hann tók þátt í kappreiðum á Borðeyri í Hrútafirði árið 1911, eða sama sumarið og Finnþogi á Sauðafelli reyndi skeiðhestinn Hrapp á kappreiðum við vígslu Norðurárbrúar, sem getið er hér að framan. Eru þetta trúlega fyrstu kappreiðarnar utan héraðsins, sem Dalamenn hafa tekið þátt í. Þetta mun hafa verið snemma sumars. Auk Eyjólfss munu þessir menn hafa reynt hesta sína við þetta tækifæri á Borðeyri:

Porsteinn Gíslason – síðar bóndi í Ljáskógaseli reyndi svonefndan Ljáskóga-Rauð og varð hann annar í keppninni.

Ingþór bóndi á Óspaksstöðum reyndi þarna rauðan hest. Fjórði hesturinn, brúnn að lit frá Barkarstöðum hafðist ekki af stað þegar rásmerkið var gefið.

Ekki man Eyjólfur eftir að fleiri hestar væru reyndir í skeiðkeppninni. Einn af helstu hvatamönnum að þessum kappreiðum mun hafa verið Hendrik Theodórs, þá ungar maður á Borðeyri. Hesturinn, sem Eyjólfur reyndi á Borðeyri var hans fyrsti góðhestur, grár að lit og kallaður Sörlí. Hlaut hann fyrstu verðlaun á Borðeyri, en verðlaunin voru góðar beislisstengur. Það er svo 1912 eða 1913 að Eyjólfur tekur aftur þátt í kappreiðum og þá á jörpum gæðing, sem hann fékk frá Reykjum í Hrútafirði. Voru þessar kappreiðar meðal fleiri atriða á skemmtun, sem ungmennafélagið Ólafur pá hélt í svonefndu Arnarnesi á Dönustöðum í Laxárdal. Það fór á sömu leið á þessum kappreiðum og á Borðeyri, að Eyjólfur sigraði á Jarp sínum. Síðan að þetta var hefur hann lítið sinnt kappreiðum. Hann hefur eignast og tamið margan góðhestinn, enda oft þurft á góðum og traustum hestum að



Gömul Ljárskógamynd:

Frá v.: Eyjólfur Jónasson, Sólheimum á *Sólheima-Grána*. Sigfinnur Sigtryggsson, síðar bóndi á Hofakri situr á *Rauðstjarna*. Guðbrandur Jónasson, Sólheimum situr á *Hetti*, bleikskjóttum hesti. Ljósm. Jón Guðmundsson, Ljárskógum. Myndin tekin snemma á öðrum áratug aldarinnar við gamla Ljárskógbænn.

halda, þar sem hann sá um póstflutning milli Hrútafjarðar og Búðardals um margra ára skeið. Glíman við torleiði og misjöfn veður á Laxárdalsheiði var oft erfið, enda má með miklum rétti kalla Eyjólf son heiðarinnar.

Sjaldan var Eyjólfur einhesta og þótt svo væri stóku sinnum var skáldfákurinn alltaf með í för. – Hér fara á eftir nokkrar stökur, sem hann á liðnum árum hefur látið falla um nokkra af þeim mikla fjölda hrossa, sem hann hefur haft undir höndum, allt frá því hann 10 ára gamall fór að temja hest.

Oft mun Eyjólfur hafa krafist mikils af hestum sínum og rak stundum nauðsyn til við erfiðar kringumstæður. – Í eftifarandi stöku er hann farinn að huga að væntanlegum vista-skíptum:

Á hestbak' fer ég himnum á,
en hörkuna verð að stilla.

– Hvað segði hann Kristur þá,
ef klárana léki'ég illa?

Eyjólfur hafði um tíma fola í tamningu frá Brekkulæk í Miðfirði. Eftirfarandi vísa greinir frá viðskiptum Eyjólfs og fola þessa:

Snöggt kann krækja traustri tá,
töltið rækja þolinn.
Byrstur sækir brattann á
Brekkulækjarfolinn.

Þessi vísa er um svonefndan Yngri-Sörla frá Kjörseyri, er Eyjólfur hafði um tíma í tamningu:

Aðeins vangann veitir á,
vel þó ganga talinn,
upp í fangið á mér lá
endilangan dalinn.

Eitt sinn snemma á árum hafði Eyjólfur rauðstjörnóttan fola í tamningu. Var hann á ferð fram Laxárdalinn og lá vegurinn fyrir framan bænn Gröf í ótal hlykkjum, enda litlar vegabætur komnar þá til sögunnar. Folinn var léttur í taumi og lét Eyjólfur hann ráða ferðinni, fór hesturinn beint af augum og fipaðist hvergi – “Klippti lykkjur allar“ og rann allt sem á sléttum og beinum vegi:

Upp sér rykkir, fékk víst flog,
folinn þykkjuríkur, –
klippti lykkjur allar og
engri bykkju líkur.

Eyjólfur átti um skeið leirljósan hest, ættaðan frá Branda-gili í Hrútafirði. Var þetta vænn hestur og sérlega traustur og orkumikill. Um hann kvað Eyjólfur þessar tvær kunnu vísur:

Pó ég eignist hest og hest,
höfðingjar sem kjósa –
mig hefur alltaf borið best
beinagrindin ljósa.

Liggja að baki fetin frá,
fleiri en margir kjósa,
þó er ekki sorg að sjá
í svipnum á þeim ljósa.

Eyjólfur seldi sr. Jóni Brandssyni í Kollafjarðarnesi
góðhest, er nefndur var Kútur.

Kútur heitir klárinн minn,
kann að beita fæti,
Snöggur, eitill, ómæðinn
oft mér veitir kæti.

Þegar halla fer á tíunda tug ævinnar fara flestir að þreytast
og flestir miklu fyrr. Svo er með Eyjólf í Sólheimum. – Hann
finnur fyrir nokkru veikleika sinn í glímunni eilífu:

Hýrgaður ég hesti renndi
heims í asanum.
– Pota ég nú með prik í hendi
og pontu í vasanum.

Á tak lúið, að var sorfið,
orkuþörfin brýn, –
þetta er búið, enda orðið
annarra þörf en míni.

Að lokum mælir Eyjólfur fram vísu þessa um einn
traustan gæding, sem hann gat alltaf treyst:

Skeifnabaldur traust með tök
taumagaldri veldur,
skaust hjá kaldri skaðavök,
skeikaði aldrei heldur.

Á óvenjulöngum lífsferli hefur öldungurinn í Sólheimum
mætt mörgum „skaðavökum“ lífsins. Þá hafa hestar hans
e.t.v. verið hans mesta yndi, enda átt lengri samleið með

þeim en nokkur annar maður í Döllum. En allt tekur enda og þess vegna segir hann í þessari stöku:

Ungur þreytti ég undir slit
afl við taumaskakið.

Sé nú hvorki lag né lit
leggst því hægt á bakið.

Skjöldur Stefánsson, útibússtjóri í Búðardal sendi Eyjólfí í Sólheimum eftirfarandi tvær vísur 15. mars 1974:

Ellina temur þú tryppunum jafnt,
þótt töltgeng hún reynist víst ekki.
Ég treysti þér til þess að sitja' 'ana samt,
þó sýni hún bólvaða hrekki.

Er lífið að síðustu líður hér út,
á leiðina ókunnu' er haldið,
þú svífur á fáknú og sýpur af stút
í *Sólheimum* – bak við tjaldið.

Björn Guðmundsson

UNGLINGASTARFIÐ

Pað var upp úr 1980, sem farið var að ræða það í stjórn félagsins að nú þyrfti að fara að stuðla að barna- og unglingsstarfi, enda var þá vakning meðal hestamannafélaga víðsvegar um landið í þá veru, og sum stærri félögin og fjölmennari höfðu þá þegar komið á öflugu barna- og unglingsstarfi.

Pað er svo vorið 1981, sem fenginn er reiðkennari og var það Jón Þórðarson. Var námskeiðið haldið að Svarfhóli. Tóku nokkur börn og ungligar þátt í þessu námskeiði.

Vorið 1982 var fenginn reiðkennari í 2 daga og tók Björn Guðmundsson við af honum og lauk því námskeiði. – Var þetta námskeið eingöngu fyrir börn og unglingu og haldið í Búðardal.



Björn St. Guðmundsson á reiðhesti sínum *Skugga*.

Í mars 1983 fór Björn á námskeið fyrir leiðbeinendur barna og unglings, sem haldið var í Kópavogi og hélt þá sumarnámskeið á nokkrum stöðum í Hörðudal, Laxárdal, Hvammssveit og Saurbæ. Mættu á þessi námskeið um 40 börn og unglingsar. Þetta sumar kepptu börn og unglingsar í fyrsta sinn á hestaþingi Glaðs á Nesodda og var það mikil hátið.

Vorið 1984 hélt Björn námskeið og hápunkturinn það sumar var þátttaka barna og unglings í fjórðungsmóti á Kaldármelum og urðu þau þar féluginu til mikils sóma. – Segja má að þetta sé forsaga unglingastarfssins hjá féluginu. Barna og unglingastarfið hefur síðan verið fastur liður í starfsemi félagsins. Síðan hafa börn og unglingsar tekið þátt í öllum mótum félagsins og einnig í firmakeppni hestaeigendafélags Búðardals, sem haldin er á hverju ári. Þátttaka hefur verið sæmileg og stundum allgöð.

Um framtíðarhorfur er það að segja að áríðandi er að félagið eflí enn betur þessa starfsemi og haldi þar vöku sinni, því þarna er grunnur lagður að áframhaldandi velgengni hestamannafélagsins Glaðs.

FRIÐRIKA A. SIGVALDADÓTTIR, 16 ÁRA, KVISTHAGA, MIÐDÖLUM

Hefur þú stundað hestamennsku lengi?

Já, það má segja það. Ætli ég hafi ekki verið 5 – 6 ára þegar ég fékk að sitja á hesti, stutta spotta, þegar aðrir voru að fara í útreiðartúra. Pegar ég var orðin 8 – 9 ára var ég farin að vera ein og óstudd, annars er ég farin að gleyma þessu.

Hvernig vaknaði áhugi þinn fyrir hestum?

Systur mínar voru og eru með þessa dellu, ætli ég hafi ekki smitast af þeim og áhuginn hefur svona vaxið með árunum.



Friðrika A. Sigvaldadóttir á Gullskó á fjórðungsmótinu á Kaldármelum 1988.

Hefur þú fengið mikla tilsgög, farið á námskeið o.p.h.?

Ég hefi farið á tvö reiðnámskeið, annað hjá Birni Guðmundssyni og hitt hjá Bjarna E. Sigurðssyni. Svo hafa systur mínar og mágur sagt mér mikið til og einnig hefi ég lesið mér heilmikið til.

Hefur þú oft tekið þátt í keppni?

Já, ég hef tekið þátt í keppni 8 sinnum, þar af einu sinni á landsmóti og svo á fjórðungsmótinu síðasta á Kaldármelum.

Í fyrsta sinn, sem ég ætlaði að keppa, datt ég af baki og hesturinn steig ansi illa ofan á mig, þannig, að ég var ekki með í það skiptið.

Hvað finnst þér þurfa til að ná góðum árangri?

Pað þarf góðan hest, góða þjálfun og mjög mikilvægt er að sambandið milli hests og knapa sé gott.

Finnst þér nóg gert fyrir börn og unglings í hestamennskunni í Dölu?

Pað fyrsta sem mig langar að nefna og á ekki bara við um

Dalina, er það, að krakkar fá ekki nógu góða hesta. Þeir fá kannske þægan hest, sem er bara brokkari, eða lullari og missa kannske áhugann í staðinn fyrir að fá hest, sem býður upp á fleiri gangtegundir, hest, sem þeir geta unnið í og lært af. –

Það er svo sem alltaf hægt að setja út á hluti. Ég hefði gjarnan viljað fá fleiri námskeið, fræðslufundi o.þ.h. Einnig finnst mér vanta aðstoðarmann með krökkum þegar þeir eru sendir burt í keppni, eins og á lands- og fjórðungsmót.

Átt þú þér ekki draumahest?

Æthli það sé ekki klárhestur með tölti, hágengur og rúmur, hestur, sem ég gæti sjálf unnið í, tamið og þjálfað.

ÍRIS HRUND GRETTISDÓTTIR, 10 ÁRA, BÚÐARDAL Svandís Sigvaldadóttir, Skógskoti tók viðtalið

Hefur þú stundað hestamennsku lengi?

Svona í tvö ár að einhverju marki.

Hvernig vaknaði áhugi þinn fyrir hestum?

Þegar ég fór að fara í hesthúsið með pabba.

Hefur þú fengið mikla til sögn, farið á námskeið og þess háttar?

Ég er búin að fara á 5 reiðnámskeið, þrisvar á Grána mínum og tvisvar á Lit Munda á Hóli, sem var fyrsti hesturinn, sem ég fór ein á.

Hefur þú oft tekið þátt í keppni?

Fjórum sinnum, tvisvar á Nesodda, einu sinni í firma-keppni og svo á fjórðungsmóti.

Hvað finnst þér þurfa til að ná góðum árangri?

Góðan hest og góða til sögn.

Finnst þér nægilega mikið gert fyrir börn og unglings í hestamennskunni í Döllum?




Íris Hrund, Búðardal, 10 ára á hestí sínum Grána. Myndin tekin á Kaldármelum sumarið 1988.

Ekki nægjanlega mikið. Námskeið mættu vera oftar og fleiri útreiðartúrar.

*Átt þú þér ekki draumahest – hvernig er hann?
Dökkbrúnan, hágengan töltara.*

Svandís Sigvaldadóttir Skógskoti tók bæði viðtölin.



Hallgrímur Sæmundsson frá Tungu á Nesodda 1982. Efstur í eldri flokki unglings á hryssunni Lipurtá.

VERÐLAUNABIKARAR HMF. GLAÐS.

B. flokks bikarinn

Gefinn til minningar um Guðmund Ágústsson Erpsstöðum er lést 1974. Gefendur voru nokkrir félagar hans og vinir. Veitist þeim hesti er bestum árangri nær í B flokki gæðinga.

Vinningshafar:

1975	Neisti f. Búðardal 11 v.	Eink. 7.71
	Eig. og knapi: Hallur Jónsson Búðardal.	
1976	Funi f. Jörva 11 v.	Eink. 8.20
	Eig. og knapi: Marteinn Valdimarsson.	
1977	Hrímnir f. Kirkjuskógi 11 v	Eink. 8.23
	Eig: Gunnhildur Ágústsdóttir Erpsstöðum	
	Knapi: Hólmar Pálsson.	
1978	Óðinn f. Stórholti 6 v.	Eink. 8.03
	Eig: Hallur Jónsson	
	Knapi: Óskar Sverrisson	
1979	Svarri f. Vífilsdal 8 v	Eink. 7.98
	Eig: María Eyþórsdóttir Búðardal	
	Knapi: Marteinn Valdimarsson.	
1980	Prinsessa f. Tungu 9 v.	Eink. 8.10
	Eig: Hrafnhildur Hallgrímsdóttir Tungu	
	Knapi: Jón Steinbjörnsson.	
1981	Hrímnir f. Kirkjuskógi 15 v.	Eink. 8.10
	Eig: Gunnhildur Ágústsdóttir Erpsstöðum	
	Knapi: Hólmar Pálsson.	
1982	Dúkka f. Hrappsstöðum 7 v.	Eink. 8.65
	Eig: Alvilda Póra Elísdóttir Hrappsstöðum.	
	Knapi: Hróðmar Bjarnason.	
1983	Dugur f. Hrappsstöðum 6 v.	Eink. 8.69
	Eig. og knapi: Svavar Jensson Hrappsstöðum.	



Verðlaunabikarar hestamannafélagsins Glaðs. Fremri röð f.v.: Ásetubikar Glaðs, Glettubikarinn. Aftari röð f.v.: Bikarar veittir í eldri og yngri flokkum unglings, Tvistsbikarinn og B-flokksbikarinn. Ljósm. Stefán Bergþórsson.

1984	Stórstjarni f. Vatni 8 v.	Eink. 8.24
	Eig. og knapi: Jörundur Jökulsson Vatni.	
1985	Gullskór f. Búðardal 9 v.	Eink. 8.10
	Eig. og knapi: Friðrika A. Sigvaldadóttir Kvisthaga.	
1986	Kvistur f. Búðarhóli 8 v.	Eink. 8.29
	Eig: Helga Ágústsíðóttir Búðardal	
	Knapi: Sigurður Jökulsson.	
1987	Rispa 6826 f. Þorbergsstöðum 6 v.	Eink. 8.39
	Eig: Skjöldur Stefánsson Búðardal	
	Knapi: Jón Ægisson.	
1988	Drífandi f. Hrappsstöðum 8 v.	Eink.
	Eig: Grettir Guðmundsson Búðardal	
	Knapi: Guðmundur Ólafsson.	

TVISTBIKARINN:

Farandbikarinn gefinn af Halli Jónssyni, Jóni Hallssyni og fjölskyldum til minningar um gæðinginn Tvist. Veitist þeim hesti er bestum árangri nær í A flokki og liggur jafnframt löglegan skeiðsprett. Tvistur vann sjálfur þessa keppni þrisvar sinnum eða árin '68, '72 og '76.

Vinningshafar:

1982	Snarfaxi f. Þorbergsstöðum	Eink. 8.34
	Eig.: Skjöldur Stefánsson	
	Knapi: Hróðmar Bjarnason.	
1983	Röðull f. Hörðubóli	Eink. 8.50
	Eig.: Auður Kristjánsdóttir Búðardal	
	Knapi: Jón Steinbjörnsson.	
1984	Korgur f. Hrappsstöðum	Eink. 8.42
	Eig.: Bjarni Hermannsson Leiðólfssstöðum	
	Knapi: Hróðmar Bjarnason.	

1985	Sýsla f. Dallandi Mosfellssv. Eig.: Pétur Þorsteinsson Búðardal Knapi: Friðgeir Friðjónsson.	Eink. 7.97
1986	Stjarni f. Sámsstöðum Eig. og knapi: Eyjólfur Jónsson Sámsstöðum.	Eink. 8.18
1987	Fengur f. Þorbergsstöðum Eig.: Skjöldur Stefánsson Búðardal Knapi: Jón Ægisson.	Eink. 7.95
1988	Amor f. Glæsibæ Skag. Eig.: Hrönn Jónsdóttir Gillastöðum Knapi: Jón Ægisson.	Eink. 8.08

ÁSETUBIKARINN:

Farandbikarinn gefinn af Friðgeiri Friðjónssyni Borgarnesi 1980 og veitist þeim knapa, sem besta ásetu hefur að mati dómara mótsins.

Vinningshafar:

1980	Marteinn Valdimarsson Búðardal
1981	Jörundur Jökulsson Vatni
1982	Hróðmar Bjarnason Laugum
1983	Savar Jensson Hrappsstöðum
1984	Auður Edda Jökulsdóttir Vatni
1985	Ása Hólmarsdóttir Erpsstöðum
1986	Hrönn Jónsdóttir Gillastöðum
1987	Íris Hrund Grettisdóttir Búðardal
1988	Friðrika A. Sigvaldadóttir Kvisthaga.

UNGLINGAFLOKKSBIKARAR:

Bikarar gefnir af Grettí Guðmundsson Búðardal 1987. Veitist þeim unglingum er efstir standa í unglingsakeppni. Skildu þeir vinnast til eigna ef sami unglingur ynni þá tvisvar.

Eldri fl: 1987 og 1988 Friðrika A. Sigvaldadóttir.
Yngri fl: 1987 og 1988 Íris Hrund Grettisdóttir.
Báðir þessir bikarar hafa því unnið til eignar.

GLETTUBIKARINN:

Farandbikar gefinn af Sigurði Ólafssyni Reykjavík 1963. Skv. skipulagsskrá skal hann veitast fyrsta hrossi í skeiði sem fætt er í Dalasýlu og sé eigandi hans heimilisfastur í Döllum. Skv. annálum er birst hafa í Hestinum okkar hafa eftirtalin hross hlutið bikarinn. (Því miður er ekki um heilstæða skrá frá upphafi að ræða).

Vinningshafar:

1967 Tvistur f. Búðardal 8 v. 25.4 sek.

Eig. og knapi: Hallur Jónsson.

1968 Sveipur 15 v. f. Kleifum 27.1 sek.

Eig. og knapi: Jóhannes Stefánsson Kleifum.

1969 Ekki vitað.

1970 – 1972 Tvistur f. Búðardal

Eig. og knapi Hallur Jónsson.

1973 Blíki 9 v. f. Búðardal 24.4 sek.

Eig. og knapi: Hallur Jónsson.

1974 – 1975 Rjóð f. Búðardal 8 v. (1974 á 25.6 sek.)

Eig. og knapi: Jón Hallsson.

1976 Tvistur 17 v. f. Búðardal 25.6 sek.

Eig. og knapi: Hallur Jónsson.

1977 Ekki vitað.

1978 Minning 10 v. f. Kleifum 25.7 sek.

Eig. og knapi: Jóhannes Stefánsson Kleifum.

1979 – 1983 Draumur f. Stórholti. (8 v. 1980 á 24.8 sek.)

Eig. og knapi: Erling Kristinsson.

1984 Smári f. Galtarholti 17 v. 25.6 sek.

Eig. og knapi: Guðmundur Ólafsson Kvisthaga.

1985 Harpa f. Búðardal

Eig. og knapi: Jón Hallsson Búðardal

1986 – 1987 Draumur f. Stórholti (15 v. 1987 á 26.1 sek.)

Eig. og knapi: Erling Kristinsson Rauðbarðaholti.

1988 Gletta f. Búðardal 7 v. 25.7 sek.

Eig.: Jón Hallsson Búðardal.

Knapi: Hallur Jónsson.

HEIMILDASKRÁ

Ættbók og saga, I. – IV. bindi – Gunnar Bjarnason
Horfni góðhestar – Ásgeir Jónsson frá Gottorp
Stafnsættirnar – Sig. Jónsson frá Brún
Hesturinn þinn – Vignir Guðmundsson
Ég berst á fáki fráum – Sigurgeir Magnússon
Í ríki hestsins – Úlfur Friðriksson
Með reistan makka – Erlingur Davíðsson
Hesturinn okkar – Tímarit
Eiðfaxi – Tímarit
Satt – Tímarit, desemberhefti 1970
Dalamenn, I. – III. b. Sr. Jón Guðnason
Á fullri ferð – Oscar Clausen
Fákur – 25 ára afmælisrit hmf. Fáks. Einar E. Sæmundsson
Fimmtíu ára afmælisrit Fáks
Lítil varningsbók – Jón Sigurðsson, 1861
Bóni – Tímarit, útg. sr. Jakob Guðmundsson á Sauðafelli
1851
Laxdæla, Fornritaútgáfan 1934
Úr æviminningum Jóns Sumarliðasonar, ópr. handrit
Afmælisrit búnaðarsamb. Dala og Snæfellsness, útg. 1939
Ritsafn Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum, II. b., útg.
1985
Gjörðabækur hmf. Glaðs frá upphafi.
Munnlegra heimilda er yfirleitt getið í svara.



Eyjólfur Jónasson 99 ára t.v. og Höskuldur Eyjólfsson 95 ára.

*Traust handtak
innsiglar viðskipti
og vináttu*

